

Umsögn um 231. mál á 149. löggjafarþingi:

Frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Höfð er jafnframt hliðsjón af frumvarpi til laga um landgræðslu, 232. mál

Almennt um málið

1. Gildandi lög um skógrækt og landgræðslu eru um og yfir hálftrar aldar gömul og margar tilraunir til endurskoðunar þeirra hafa ekki náð fram að ganga. Því er nauðsyn nýrrar löggjafar augljós en hún þarf að endurspeglar fjölbætta reynslu og áunna þekkingu ásamt með alþjóðlegum viðmiðum og skuldbindingum sem Ísland hefur gerst aðili að. Þannig þarf almenningi að birtast heildstæð sýn löggjafans til gróðurauðlindarinnar, verndar hennar og sjálfbærrar nýtingar. Þekking og viðhorf almennings, ekki síst þéttbýlisbúa, til gróðurmálefna eru mjög lituð af garðyrkju og trjárækt í þéttbýli og við sumarbústaði, og fræðsla um plönturíkið og hérlendar vistgerðir er mjög brotakernd í almennum skólum. Hugtakið skógrækt (d. skovdyrkning) sem tekið var upp í löggjöf 1907 er líka um margt óheppilegt og misvísandi.
2. **Í stað einangraðrar endurskoðunar sérlaga um skóga og skógrækt og laga um landgræðslu, eins og hér eru gerðar tillögur um, ætti að nálgast málið heildstætt út frá auðlindinni gróður og jarðvegur og tengja meðferð hennar við skipulag og ákvæði um landnýtingu og náttúruvernd. Hliðsjón ætti jafnframt að hafa af ferskvatnsauðlindinni og vatnsvernd, sem þessu er nátengd. Þannig þarf að verða til heildarlöggjöf um gróður- og jarðvegsvernd, þar sem fjallað verði um einstaka undirþætti, þar á meðal um skógvernd og nýtingu gróðurlenda, að búfjárbættum meðtalinni.**
3. Ekki er við þær nefndir að sakast sem árið 2011 voru skipaðar til að endurskoða umrædda lagabálka, heldur er það forsögn ráðuneytisins ásamt samsetningu nefndanna sem leiðir af sér alltof þrönga og sértæka nálgun. Tæpast er að vænta róttækra hugmynda um breytingar, m.a. um stofnanalegan umbúnað, þegar til verka eru fyrst og fremst settir aðilar sem lengi hafa unnið innan viðkomandi stofnana og tengdra félaga. **Álit nefndanna voru auglýst til umsagnar á sínum tíma. Meðfylgjandi er umsögn mín send ráðuneyti umhverfismála 27. ágúst 2012.** Tekið er nú fram í inngangi greinargerðar með 231. máli: „Frumvarp þetta byggist að miklu leyti á tillögum nefndarinnar.“ Að undirbúningi málsins voru ekki tilkvaddir aðilar frá Lykilstofnunum eins og Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun. Hefur sú fyrrnefnda þó skv. lögum m.a. það hlutverk að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknnum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum margvíslegrar landnotkunar á náttúruna. Með þessu er ekki sagt að í fyrirliggjandi frumvörpum sé ekki víða að finna margar góðar hugmyndir og tillögur til úrbóta frá gildandi lögum sem fella mætti inn í heildstæða löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd.
4. Mörgum stórum álitamálaum sem komið hafa upp í tímans rás, bæði varðandi markmið og leiðir í þessum málaflokkum, eru ekki gerð viðhlítandi skil í fyrirliggjandi frumvörpum (231 og 232. mál) og önnur eru sett í reglugerðavaldráðherra (4., 6. og 7. og 15. gr.) án fyrirmæla um útfærslu. Nægir þar að minna á óljósa samvinnun skógverndar og svonefndrar nytjaskógræktar og það gífurlega vaxandi vandamál sem varðar ágengar tegundir. Þar á meðal er Alaskalúpína sem Skógræktin flutti til landsins í góðri trú og hefur síðan dreift víða og sem Landgræðslan hefur notað í stórum stíl fram að þessu. Landgræðslustjóri boðar nú hinsvegar breytta afstöðu, **sbr. Fylgiskjal II**, en Skógræktin hampar áfram þessari afar ágengu tegund.

5. Áhættuþættir sem tengjast loftslagsbreytingum og þá einkum **hlýnun að vetrarlagi** geta bitnað harkalega á gróðurrikinu, ekki síst á innfluttum trjátegunum. Líkurnar á stóráföllum vegna vorfrostu (páskahreta) fara að líkindum vaxandi, þótt langt geti liðið á milli, sbr. 9. apríl 1963, þegar fádæmi miklar skemmdir urðu á gróðri. Hvergi er slíkt nefnt í umfjöllun með skógafrumvarpinu né heldur vaxandi áhætta af vágestum sem berast m.a. með eftirlitslausum innflutningi plantna og jarðvegs. Hið sama á við um hættu á og viðbrögð við kjarreldum, að ekki sé talað um ófyrirsjáanlegar afleiðingar af yfirvofandi eldgosum fyrir gróðurrikið.
6. Tengsl tillagna við skipulagsmál og landnýtingu sem fram koma í frumvörpunum eru harla óljósar og vekja upp margar spurningar sem svara þarf áður en til lögleiðingar kæmi. Hafnað er tillögum Skipulagsstofnunar um að landsáætlun skógræktar sé háð umhverfismati og að framkvæmdaleyfi þurfi til að hefja eða stunda skógrækt. Spurningin um aðgreiningu annarsvegar milli gróðurverndar, að skógvernd meðtalinni, og hins vegar „nytjaskógræktar“ fær afar takmarkaða umfjöllun. Þeirri spurningu hefur hingað til ekki verið svarað af löggjafanum, hvort gjörbreyta eigi gróðurriki og ásýnd landsins með innfluttum trjátegunum, en í reynd hefur Skógræktin sett samasem merki milli slíkra umskipta undir hugtakinu nytjaskógrækt.¹ Virðist þar einkum hugsað til timburframleiðslu í samkeppni við viðarinnflutning frá grónum timburframleiðsluvæðum en eins og er fer stór hluti skógarafurða beint í bræðsluofna stóriðjufyrirtækja.
7. **Friðun lands fyrir beit til sjálfræðslu er lítið nefnd í frumvarpinu en getur þó skilað umtalsverðum árangri á skömmum tíma eins og víða má sjá með náttúrulegri gróðurbreytingu innan skórgarðinga og henni fylgir endurheimt kjarrs og birkiskóga, einkum þar sem frægjafi er nálægur. Dæmi um slíkt blasa nú við, m.a. frá alfaraleið yfir Skeiðarársand. Friðun til sjálfræðslu lands ætti að vera megin áhersluefni í gróðurvernd. Slík gróðurfriðun getur fyrr en varir skilað verulegum árangri í kolefnisbindingu.** Mjög skortir á rannsóknir og mælingar á þessu sviði og því á samanburð á mismunandi nálgun með ólíkum friðunaraðgerðum (sjálfræðsla, birkiskógar, barrviðir). Bindingu í jarðvegi við ólíkar aðstæður þarf jafnframt að rannsaka, áður en farið er að veðja á tiltekna aðgerðir á óljósum forsendum. Opinber ríkisframlög til skógarbænda geta skv. frumvarpinu numið „allt að 97% af samþykktum stofnkostnaði við skógrækt“ (11. grein um samninga) og fyrirhugað er að verja allt að 7 milljörðum kr. í loftslagstengdar aðgerðir á næstu 5 árum.
8. Virk takmörkun á búfjárbæit, sauðfjár jafnt sem hrossa, í samráði við bændur og á grundvelli ítölu er úrræði til endurreisnar gróðurrikis landsins sem alltof lítið hefur verið horft til. Ber þó að meta og virða þann árangur sem náðst hefur sums staðar undir kjörorðinu „bændur græða landið“. Stuðningur af opinberri hálfu við slíkar aðgerðir, þar með talið fækkun búfjár, ætti að vera til álita ekki síður en til annars konar friðunaraðgerða og uppgræðslu. Löngu er líka tímabært að taka í löggjöf með skýrum hætti á lausagöngu búfjár með hliðsjón af ásigkomulagi heimalanda og afrétta, mismunandi eftir aðstæðum á einstökum landsvæðum.
9. Í tillögunum er að mestu horft fram hjá lagaákvæðum og stefnumörkun um náttúruvernd og tengslum við stofnanir, sem stýra meðal annars friðlýstum svæðum, friðlöndum og þjóðgördum. Svipuðu máli gegnir um rannsóknir á gróður- og jarðvegsauðlindinni, t.d. er horft fram hjá rannsóknahlutverki Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa að því er gróðurrikið varðar. Sama máli gegnir um minjavernd og fornleifar sem víða eru í hættu vegna breyttrar landnotkunar og vanrækslu á fornleifaskráningu sem sveitarfélög hafa verið gerð ábyrg fyrir í tengslum við skipulagsgerð, en sinnt að takmörkuðu leyti.
10. Ég tel óráð að stefna einangrað að lögfestingu umræddra lagabálka, þótt sitthvað megi nýta úr fyrirliggjandi frumvörpum. **Þess í stað þarf að setja heildstæð lög um gróður- og jarðvegsvernd með hliðsjón af skipulagsákvæðum og auðlindanýtingu og taka innan þeirrar löggjafar á málum skógverndar og landgræðslu sem og búfjárbæit. Það gefur jafnframt tækifæri til að endurskoða stjórnarsýslu- og stofnanauppbyggingu kringum þessa málaflokka með hliðsjón af náttúruvernd, rannsóknþörf og markmiðum um sjálfbæra þróun.**

Niðurstaða.

Eftir skoðun frumvarpsins og aðdraganda þess er það eindregin niðurstaða mín að málið sé ótækt til lögfestingar og eigi að vísa því til ríkisstjórnarinnar með tilmælum um að ráðist verði hið fyrsta í heildstæða skoðun gróðurverndarmála, samræmingu á málstökum og uppbyggingu og samvinnu stofnana og rannsóknaraðila sem starfa á þessu sviði. Við framhaldsvinnu að löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd verði tekið mið af alþjóðasamningum svo og reynslu annarra þjóða sem byggja norðlægar og suðlægar slóðir, þar á meðal í Norður-Noregi og á Nýjasjálandi.

Fylgiskjöl sem rafræn viðhengi:

1. Umsögn mín dags. 27. ágúst 2012 vegna endurskoðunar laga um skógrækt og landgræðslu, ásamt meðfylgjandi fylgiskjali I, sbr. þingmál 111 á 123. löggjafarþingi 1998-1999, Þskj.111. [Flm: HG, Össur Skarphéðinsson og Kristín Halldórsdóttir]
2. Landgræðslan hættir að sá lúpínu. „Þurfum að staldra við“. Árni Bragason í viðtali við Morgunblaðið 16. ágúst 2018.
3. Græn framtíð. Rit Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um sjálfbæra þróun. Útgefið 2007. Með formála eftir Katrínu Jakobsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur. Sjá einkum síður 19-20 og 45-48.

¹ Í gildandi skógræktarlögum kemur hugtakið barrskógur aðeins einu sinni fyrir (21. gr.) og þá í sambandi við heimild til skógræktarstjóra að leigja einstaklingum, félögum eða stofnunum lönd á erfðafestu innan girðinga [Skógræktarinnar], „gegn því að leigutakar gróðursetji barrskóg í landið“.

Hjörleifur Guttormsson
 Vatnsstíg 21
 101 Reykjavík

27. ágúst 2012

Umsögn

vegna tillagna um endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu

Undirritaður hefur kynnt sér eftir föngum tillögur nefnda um efni nýrra landgræðslulaga og nýrra skógræktarlaga. Umræddir lagabálkar eru um og yfir hálfra aldar gamlir og margar tilraunir til endurskoðunar þeirra hafa ekki náð fram að ganga. Nauðsyn nýrrar löggjafar á sviði gróður- og jarðvegsverndar er augljós og hún þarf að endurspeglar fjölþætta reynslu og áunna þekkingu ásamt með alþjóðlegum viðmiðum og skuldbindingum sem Ísland hefur gerst aðili að.

Tillögur 1994–1999. Sem alþingismaður flutti ég á árunum 1994–1998 ásamt með tveimur meðflutningsmönnum (Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Halldórsdóttur) frumvarp til breytinga á lögum um landgræðslu og náðu fáein ákvæði þess þá inn í endurskoðuð lög um náttúruvernd (nr. 44 1999), þ.e. varðandi notkun innfluttra tegunda til landgræðslu. Jafnframt gerði tillaga okkar ráð fyrir heildarendurskoðun landgræðslulaganna með sérstakri áherslu á jarðvegs- og gróðurvernd. Voru sett fram viðmið þar að lútandi og fylgja þau til hliðsjónar með umsögn þessari, **sjá fylgiskjal I.**

Ábyrgð nýs auðlindaráðuneytis. Sú nálgun sem umhverfissráðuneytið, nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti, hefur valið við endurskoðun umræddra lagabálka veldur vonbrigðum. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands sem umhverfissráðuneytið stóð að og gaf út á árinu 2011 vakti vonir um heildstæðari efnistöð en tíðkast hafa hingað til í löggjafarstarfi á þessu sviði. Þótt vinna nefndarinnar sem þá skilaði af sér hvítbókinni beindist öðru fremur að endurskoðun laga um náttúruvernd voru þar settar fram hugmyndir og tillögur um vernd, nýtingu og vöktun náttúrugæða sem byggja hefði mátt á tillögur að frekari endurskoðun laga á auðlindasviði. Þessa sjást því miður alltof lítil merki í þeim tillögum sem hér eru til umræðu.

Stefnumörkun VG frá 2007 sniðgengin. Vorið 2007 birtist stefnumörkun Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um sjálfbæra þróun undir heitinu *Græn framtíð*, **sjá fylgiskjal II.** Bygðdi hún á starfi margra innan flokksins. Þar er í 18 köflum farið yfir helstu svið umhverfis- og auðlindamála og sett fram markmið til 5 ára og jafnframt til lengri tíma. Í ritinu á síðu 19–20 er sérstakur kafli um gróður- og jarðvegsvernd og þar er fyrsta markmiðið orðað þannig:

- *Að sett verði ný löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd sem byggi á bestu fánlegri þekkingu, ákvæðum alþjóðasamninga og reynslu hér heima og erlendis. Löggjöfin taki einnig til skógverndar, skógræktar og landgræðslu.*
- Síðan er kveðið á um auknar rannsóknir, skýra verkaskiptingu opinberra aðila, ráðuneyta, ríkis og sveitarfélaga á sviði gróður- og jarðvegsverndar og samvinnu við heimamenn. Og í lokin segir:
- *Fella verður ákvæði skipulagslaga og laga um mat á umhverfisáhrifum eftir því sem við á að ofangreindri stefnumörkun.*

Í kaflanum um landnýtingu (s. 21–23) segir m.a. um markmið til næstu 5 ára:

- *Að gerður verði greinarmunur á uppgræðslu til ræktunar og vistheimtar og við ræktun nytjaskóga og landgræðsluskóga.*

- *Að meginhluta til verði innlendar tegundir notaðar við endurheimt landgæða og í landgræðsluskógum en erlendar trjategundir við nytjaskógrækt.*

Heildarlöggjöf um gróður- og jarðvegsvernd. Í stað þess að ráðast í endurskoðun sérлага um skógrækt og landgræðslu ætti að nálgast málið út frá auðlindinni gróður og jarðvegur og tengja það við skipulag, náttúruvernd og ákvæði um landnýtingu. Hliðsjón þarf jafnframt að hafa af ferskvatnsauðlindinni og vatnsvernd, sem þessu er nátengd. Þannig þarf að verða til heildarlöggjöf um gróður- og jarðvegsvernd, þar sem síðan er fjallað um einstaka undirþætti eftir því sem þörf er talin á, þar á meðal um skógvernd og nýtingu gróðurlenda.

Ekki er við þær nefndir að sakast sem settar voru til verka við að endurskoða umrædda lagabálka heldur er það forsögn ráðuneytisins ásamt samsetningu nefndanna sem leiðir af sér umræddar álitserðir. Þær fela í sér alltof þrönga og sértæka nálgun auk marháttaðs ósamræmis. Í tillögnum er þó víða að finna góðar hugmyndir og ásetning til úrbóta frá gildandi lögum sem fella mætti að heildstæðri löggjöf.

Tengsl við löggjöf á skyldum sviðum. Tengsl hugmynda og tillagna sem fram koma í álitserðum nefndanna við skipulagsmál og landnýtingu eru harla óljósar og vekja upp margar spurningar sem svara þarf áður en til lögfestingar kæmi. Þörf er m.a. á aðgreiningu milli almennrar gróðurverndar, að skógvernd meðtalinni, og nytjaskógræktar.

Þá er í tillögnum að mestu horft framhjá lagaákvæðum og stefnumörkun um náttúruvernd og stofnanir, sem stýra meðal annars friðlýstum svæðum, friðlöndum og þjóðgörðum. Svipuðu máli gegnir um rannsóknir á gróður- og jarðvegsauðlindinni, t.d. er rannsóknahlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa vart nefnt á nafn þótt þar sé verið að leggja grunn að vistkerfisnálgun.

Sveigjanlegri stjórnsýsla og stofnanir. Í tillögnum nefndanna virðist gengið út frá sömu stofnunum á sviði landgræðslu og skógræktar og verið hafa við líði í heila öld. Eins og nefndirnar voru skipaðar var þaðan tæpast að vænta róttækra hugmynda um breytingar á þessu sviði. Sama á við um mörg álitamál sem eðlilega hafa komið upp í tímans rás, bæði varðandi markmið og leiðir í þessum málaflokkum. Nægir þar að minna á ágengar tegundir í landgræðslu og áleitnar spurningar um óljósa samtvinnun skógverndar og nytjaskógræktar. Hér verður ekki mælt fyrir um æskilegar breytingar, aðeins lögð áhersla á að álitamál séu skoðuð opnum huga og í ljósi reynslu og bestu þekkingar.

Ný málstök áður lengra er haldið. Ég tel óráð að stefna að lögfestingu umræddra lagabálka einangrað og á þeim grunni sem hér er kynntur, þótt ýmislegt megi nýta úr fyrirliggjandi álitserðum. Þess í stað þarf að setja heildstæð lög um jarðvegs- og gróðurvernd með hliðsjón af væntanlegri löggjöf um náttúruvernd og æskilegum skipulagsákvæðum. Innan slíkrar löggjafar verði jafnframt, eftir því sem við getur átt, m.a. kveðið á um landgræðslu, skógvernd og skógrækt, svo og sjálfbæra landnýtingu og rannsóknir til að treysta auðlindagrunninn. Heildstætt mat á þessum þáttum öllum gefur jafnframt tækifæri til að endurmeta stjórnsýslu- og stofnanauppbyggingu kringum þessa málaflokka með hliðsjón af markmiðum um náttúruvernd og sjálfbæra þróun.

Hjörleifur Guttormsson
náttúrufræðingur

Fylgiskjal I:**Heildarendurskoðun laga um landgræðslu.** [Hugmyndir settar fram 1998]

Úr greinargerð með frumvarpi til breytinga á lögum um landgræðslu, þingmál 111 á 123. löggjafarþingi 1998–99. Þskj. 111. Flutningsmenn Hjörleifur Guttormsson, Össur Skarphéðinsson og Kristín Halldórsdóttir.

Lögin um landgræðslu eru að stofni til 30 ára gömul og viðhorf til gróðurverndarmála hafa breyst mikið frá þeim tíma og þekkingu hefur fleygt fram. Nægir að minna á þá byltingu í viðhorfum til náttúruverndar sem síðan er orðin og að lítið var farið að huga að jarðvegsvernd og gróðurvistfræði hérlendis á þeim tíma. Við mótun nýrrar löggjafar á þessu sviði er m.a. æskilegt:

- að samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs,
- að gera vistfræðileg og siðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu,
- að hafa að leiðarljósi ákvæði alþjóðasáttmála, m.a. um baráttu gegn eyðimerkurmyndun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni,
- að tengja ákvæði löggjafar um jarðvegs- og gróðurvernd ásamt landgræðslu við aðra umhverfislöggjöf, m.a. lög um skipulagsmál og lög um náttúruvernd,
- að festa í sessi ákvæði um að landnotandi beri ábyrgð á meðferð og ástandi lands og að eftirlit á þessu sviði verði vel skilgreint og gert virkt.

Þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji sig þannig geta bent á ýmislegt sem betur mætti fara til viðbótar því sem tillaga er gerð um í frumvarpi þessu þykir rétt að fleiri komi að heildarendurskoðun laganna. Hér verður til viðbótar bent á nokkur atriði sem augljóslega þurfa athugunar við í slíkri endurskoðun:

- Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.
- Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.
- Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skyld málefni.
- Menntunarkröfur til starfsmanna.
- Tilhögun rannsókn- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.
- Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.
- Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverf isáhrifum vegna fyrirhugaðrar landnotkunar.
- Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.
- Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.
- Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlyningar.
- Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.
- Tengsl við rannsóknaraðila.
- Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
- Áætlanir um rannsóknabörf og fjármögnun rannsókna.
- Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök.

Æskilegt er að hraða setningu nýrrar löggjafar um gróðurvernd og landgræðslu þar eð margþætt verkefni blasa við á þessu sviði.

Fylgiskjal II (rafrænt sem viðhengi)

Græn framtíð. Rit Vinstrihreyfingarinnar – græns framboð um sjálfbæra þróun, útgefið vorið 2007. Sjá sérstaklega tilvitnaðar blaðsíður 19-23.

.....

Landgræðslan hættir að sá lúpínu

Þurfum að staldra við

Árni Bragason

„Lúpína er komin um allt land, inn á öll þau svæði sem við höfum verið með aðgerðir á og ótrúlega víða annars staðar. Við þurfum að staldra aðeins við og átta okkur á því hvort við erum á réttri leið.

„Lúpína er komin um allt land, inn á öll þau svæði sem við höfum verið með aðgerðir á og ótrúlega víða annars staðar. Við þurfum að staldra aðeins við og átta okkur á því hvort við erum á réttri leið. Þurfum að spyrja okkur að því hvort við viljum breyta öllu landinu í lúpínusvæði. Svarið við því er nei,“ segir Árni Bragason landgræðslustjóri, inntur eftir ástæðu þess að Landgræðslan er hætt að sá lúpínu í ný svæði.

Hann segir að Landgræðslan telji rétt að nota aðrar aðferðir á þeim uppblásturssvæðum sem eftir eru. Gamla góða melgresið standi fyrir sínu og það skili góðum árangri að planta birki þar inn á milli.

„Það er engin spurning að lúpínan er gríðarlega öflug landgræðslujurt sem gert hefur mikið gagn. En hún er ágeng tegund og fer inn á svæði sem við viljum ekki hafa hana á,“ segir Árni.

Hann segir að það hafi ýtt mjög við landgræðslufólki þegar lúpína barst af Hólasandi inn að Sandvatni sem er við mörk verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Það skilyrði var sett þegar lúpínu var sáð á Hólasandi að komið yrði í veg fyrir að hún færi út á verndarsvæðið.

Landgræðslan hyggst ekki eyða lúpínu enda segir Árni að allar slíkar aðgerðir séu mjög vinnuafslfrekar. Reynt verði að planta birki í lúpínubreiðurnar. Trén skyggi á lúpínuna og hefti vöxt hennar og hafi þessi aðferð gefist vel.

Græn framtíð

RIT VINSTRIHREYFINGARINNAR – GRÆNS
FRAMBOÐS UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN



VINSTRIHREYFINGIN
– grænt framboð





Græn framtíð

RIT VINSTRIHREYFINGARINNAR

– GRÆNS FRAMBOÐS UM SJÁLFBÆRA PRÓUN



Efnisyfirlit

Formáli	3
Orkustefna og orkunýting	5
Vatnsauðlindin	7
Loftslagsmál	9
Líffræðileg fjölbreytni	11
Náttúra og landslag	13
Haf strönd og hafsbotn	16
Gróður og jarðvegsværing	19
Landnýting	21
Viðernin	24
Ferðaþjónusta og útivist	26
Umhverfismennt	29
Samgöngur	32
Mengun	35
Efni og efnavörur	38
Matvæli og matvælaöryggi	41
Sjálfbær neysla og framleiðsla	43
Stjórnsýsla umhverfismála	45
Náttúrusiðfræði	46
Eftirmáli	49
Helstu skammstafanir	51



Formáli

Árið 2005 var stofnaður formlegur umhverfishópur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Hópurinn hefur stækkað jafnt og þétt og staðið fyrir fræðslufundum og umræðum. Undir lok árs 2006 ákvað hópurinn svo að ráðast í endurskoðun umhverfisstefnu flokksins sem hlaut umfjöllun og blessun landsfundar 2001. Formaður starfshópsins sem vann það plagg var Anna Guðrún Þórhallsdóttir og ritaði hún formála þeirrar útgáfu. Við endurskoðunina hefur ýmsu verið breytt og meðal annars skrifaðir nýir kaflar um loftslagsmál, vatnsauðlindina, mengun, náttúrusiðfræði og stjórnsýslu umhverfismála. Þá hafa aðrir kaflar breyst talsvert og liggur nú í þessu riti fyrir stefnumörkun til næstu ára um sjálfbæra þróun jafnframt því sem skyggst er lengra fram á veg.

Umhverfisstefna Vinstri–grænna byggist á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Í skýrslu Brundtlandnefndarinnar: Sameiginleg framtíð vor (Our Common Future), sem gefin var út árið 1987, var sjálfbær þróun skilgreind á eftirfarandi hátt: *Sjálfbær er sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.* Þessi skilgreining hefur síðan verið útvikkuð og dýpkuð í alþjóðlegri umhverfis- og heimspekiumræðu þannig að nú er hún einnig talin ná yfir rétt náttúrunnar og lífríkisins til að þróast á eigin forsendum.

Sjálfbær þróun er mun dýpra hugtak en svo að það nái einungis til umhverfismála. Sjálfbær þróun snertir samfélagið allt og snýst um siðferðilega afstöðu stjórnvalda og almennings til samfélags og umhverfis. Þegar ákvarðanir eru teknar í samfélagi, sem stefnir í átt til sjálfbærrar þróunar, ber að



leggja áherslu á samspil vistfræðilegra, samfélagslegra og efnahagslegra þátta. Það er á ábyrgð mannkyns á hverjum tíma að skila umhverfi sínu í jafngóðu eða betra ástandi til komandi kynslóða. Þess vegna er mikilvægt að ganga ekki á höfuðstólinn, hvort sem það er hinn efnahagslegi höfuðstóll, sá samfélagslegi eða sá vistfræðilegi. Neyslumynstur vestrænna þjóða einkennist af óhófi og sóun sem leiðir af sér ógn við vistkerfi jarðarinnar. Stjórnvöld og almenningur þurfa í sameiningu að vinna gegn neyslukapphlaupinu og beina sjónum að hinum raunverulegu þörfum fólks. Í því sambandi þarf að endurmeta skiptingu veraldlegra verðmæta milli einstaklinga og þjóða. Það er sameiginlegt verkefni þjóða heims að útrýma fátækt og auka velsæld í þróunarríkjum og tryggja sem flestum mannsæmandi líf án þess að gengið sé á auðlindir og umhverfi sem líf fólks grundvallast á. Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er því nátengd hugmyndum um jöfnuð og velferð jafnt í nánasta samfélagi hvers og eins sem og í hnattrænu samhengi.

Til þess að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar þarf að gripa til aðgerða og virkja almenning. Sjálfbær þróun er mikilvægasta verkefni sem stjórnvöld og almenningur bera sameiginlega ábyrgð á. Ætlunin með þessari stefnumörkun Vinstri-grænna er að setja fram raunhæf markmið á leið okkar í átt að sjálfbæru samfélagi og benda á leiðir til að ná fram þeim markmiðum. Fjölmargir í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði hafa lagt hönd á plóg við þessa vinnu.

Katrín Jakobsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir



Orkustefna og orkunýting

Vinstrihreyfingin – grænt framboð aðhyllist sjálfbæra orkustefnu með það að markmiði að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi stig af stigi jafnhliða því sem gætt sé varúðar- og verndar-sjónarmiða. Markvisst verði dregið úr orkusóun og gerðar áætlanir um umtalsverðan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Stóriðja og stórvirkjanir í þágu mengandi iðnaðar samrýmast ekki sjálfbærri orkustefnu.

Við ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til orkuframleiðslu ber að taka ríkulegt tillit til náttúruverndar. Þar skiptir verndun hálandisins mestu máli en hún verður best tryggð með heildstæðu skipulagi þar sem áhersla er lögð á stofnun stórra þjóðgarða og friðlanda. Ljúka þarf gerð náttúruverndaráætlunar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og leggja hana til grundvallar endanlegri rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ekki verði heimiluð frekari nýting orkuauðlinda þjóðarinnar fyrr en báðar þessar áætlanir eru fullgerðar og samþykktar á Alþingi.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir orku með sjálfbærum orkugjöfum þannig að náttúra og umhverfi bíði ekki óafturkræfan skaða.
- Að komið verði í veg fyrir orkusóun og unnið að orkusparnaði á öllum sviðum.
- Að við verðlagningu raforku verði tekið tillit til allra kostnaðarpátta, þ.m.t. vegna þeirrar náttúru sem raskast við orkuöflunina.
- Að raforkuverði til almennings og innlendra atvinnuvega verði stillt í hóf og verðlagning gagnsæ.
- Að við endurskoðun orkusölusamninga til stóriðjufyrirtækja verði að lágmarki miðað við markaðsverð raforku í okkar heimshluta til sambærilegrar starfsemi að viðbættum fórnarkostnaði vegna röskunar á náttúrunni.
- Að Ísland verði til fyrirmyndar á alþjóðavettvangi við að vernda loftgæði og draga úr mengun andrúmslofts af völdum orkunotkunar á öllum sviðum.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að móta sjálfbæra orkustefnu með sýn til framtíðar.
- Að útfæra áætlanir um nýtingu nýrra orkugjafa og/eða orkubera sem leysi innflutt jarðefnaeldsneyti af hólmi.
- Að samin verði áætlun um orkusparnað og hleypt af stökkunum opinberu orkusparnaðarátaki.
- Að gera sérstaka athugun á íslensku vatnsafl og jarðvarma með tilliti til sjálfbærni.



- Að ljúka við mat á þeim innlendu orkulindum sem til greina kemur að nýta til orkuframleiðslu í fyrirsjáanlegri framtíð og vinna nýtingaráætlun á grunni þess og samþykkrar náttúruverndaráætlunar.
- Að ekki verði á þessu 5 ára tímabili ráðist í frekari virkjanaframkvæmdir fyrir orkufrekan iðnað.

LEIÐIR

Lokið verði gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hún verði unnin á grundvelli endurnýjaðrar náttúruverndaráætlunar skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999¹ og með meginreglur umhverfisréttar að leiðarljósi.

Möguleikar sem felast í notkun sólarorku, vindorku og sjávarfallaorku sem orkugjafa á Íslandi verði metnir. Mat verði lagt á möguleika mismunandi orkubera, s.s. rafeindir og vetni, í sjálfbæru samfélagi framtíðarinnar.

Gerð verði áætlun um orkusparnað, jafnt fyrir atvinnufyrirtæki og heimili. Sérstaklega verði hugað að orkusparandi aðgerðum í samgöngum og fiskveiðum. Fræðslu um orkusparnað og orkunýtingu verði komið á framfæri við almenning gegnum skólakerfið og í samstarfi við frjáls félagasamtök og fjölmiðla.

Við verðlagningu raforku verði heimilum og innlendum atvinnufyrirtækjum tryggt sanngjarnt orkuverð og það markmið sett ofar hagnaðarkröfu orkufyrirtækja. Eigi að síður verði fullt tillit tekið til allra kostnaðarþátta, þar með talið fórnarkostnaðar vegna glataðra náttúruverðmæta og annars umhverfiskostnaðar.

Við gerð orkunýtingaráætlana verði hugað sérstaklega að hagrænu gildi náttúruverndar ekki síður en nýtingar og verði það vegið inn í allar áætlanir.

Niðurstöður framangreindra áætlana verði nýttar sem undirstaða frekari stefnumörkunar á pólitískum vettvangi og hafðar að leiðarljósi við setningu nýrra laga og reglna.

¹ Lög um náttúruvernd nr 44/1999 <http://www.althingi.is/lagas/133a/1999044.html>



Vatnsauðlindin

Ferskvatn er takmörkuð náttúruauðlind sem brýnt er að vernda og nýta með sjálfbærum hætti. Yfir milljarður jarðarbúa hefur litinn sem engan aðgang að hreinu og ómenguðu vatni og ástandið fer versnandi. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg 2002 var samþykkt sérstök vatnsverndaráætlun og sett fram markmið um vatnsvernd og bætt aðgengi íbúa þróunarlanda að ómenguðu vatni. Mengun ferskvatns frá iðnaði, íbúðabyggð og landbúnaði er stórt og sívaxandi vandamál.

Vatnsskortur er ríkjandi á stórum svæðum og barátta um yfirráð yfir ferskvatni getur orðið bakgrunnur átaka milli ríkja og hópa. Skortur á ómenguðu, neysluhæfu ferskvatni getur orðið eitt af stærstu vandamálum mannkyns þegar líður á 21. öldina. Deilur um yfirráðarétt yfir vatni og einkavæðing auðlindarinnar hafa víða leitt til ófarnaðar.

Eyðing skóga og jarðvegs raskar náttúrulegu streymi ferskvatns og hefur víða leitt til flóða og skriðufalla svo og til aukins uppblásturs, landeyðingar og stækkunar eyðimarka. Yfirstandandi loftslagsbreytingar af mannavöldum með vaxandi sveiflum í veðurfari gera örðugra um vik að bregðast við með skipulegum aðgerðum.

Íslendingar hafa betri aðgang að ferskvatni en flestar aðrar þjóðir. Ef rétt er á haldið getur vatnsauðlindin orðið mikil lyftistöng fyrir komandi kynslóðir, hollustu, tómstundaiðkun og atvinnulíf. Líta ber á grunnvatn, ár og vötn og lífríki vatna sem eina órofa heild og horfa jafnframt til árósa og strandsvæða þar sem íblöndun ferskvatns hefur teljandi áhrif.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að ferskvatn eigi eins og aðrar náttúruauðlindir að vera í sameign landsmanna og binda eigi slík ákvæði í stjórnarskrá. Jafnframt þarf að setja skýr lagaákvæði um vernd og nýtingu vatns og vatnasvæða og skilgreina með skýrum hætti réttindi og skyldur landeigenda við meðferð vatns, hvort sem um er að ræða í þjóðlendum eða landi í einkaeign.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu ferskvatns og festa slíka stefnu í skipulagi.
- Að rannsaka og flokka ferskvatnsvistkerfi hérlendis og fella þau að heildarstefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
- Að greina sérstöðu Íslands og leggja mat á sjálfbæra nýtingu ferskvatns sem auðlindar.
- Að þróa möguleika atvinnulífs, búsetu og tómstundaiðkunar sem taki mið af verndun og sjálfbærri nýtingu vatns.



- Að tryggja aðgang allra byggðra bóla í landinu að heilnæmu neysluvatni til frambúðar.
- Að sjá til þess að vatnsverndarstefna fái traustan sess í landskipulagi og skipulagsáætlunum sveitarfélaga.
- Leggja þarf sérstaka áherslu á verndun Þingvallasvæðisins sem framtíðar vatnsbóls höfuðborgarsvæðisins.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að tryggja sameign þjóðarinnar á vatnsauðlindinni og leggja drög að því að binda slíkt ákvæði í stjórnarskrá.
- Að yfirfara lög og reglugerðir með tilliti til vatnsverndar og vatnsnýtingar.
- Að móta áætlun um úttekt á vatnsauðlindinni hérlendis og um nauðsynlegar rannsóknir sem grundvöll fyrir flokkun vatna og verndun vatnsgæða.
- Að tryggja fjármagn til að vinna fyrsta áfanga slíkrar áætlunar sem lið í heildarúttekt.
- Að taka í samvinnu ríkis og sveitarfélaga fyrir skaðlega mengun ferskvatns, endurskoða reglur um vatnsvernd, herða ákvæði þar sem nauðsyn krefur og tryggja vöktun.
- Að stuðla að fræðsluáttaki í skólum og meðal almennings til að glæða skilning á gildi ómengaðs vatns.
- Að lögfesta vatnatilskipun ESB og laga hana að íslenskum aðstæðum.
- Að endurskipuleggja opinbera stjórnsýslu með tilliti til settra markmiða og tryggja greið tengsl og samráð við almenning og umhverfisverndarsamtök um vatnsvernd.



Loftslagsmál

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að Íslendingar axli ábyrgð í loftslagsmálum. Kynna þarf fyrir landsmönnum yfirvofandi loftslagsbreytingar af mannavöldum og líklegar afleiðingar þeirra um leið og lögð er áhersla á leiðir til að bregðast við þeim. Mikilvægt er að litið sé bæði til áhrifa loftslagsbreytinga á alþjóðlega vísu og þeirra áhrifa sem þær kunna að hafa hérlandis. Íslensk náttúra með sínum norðlægu tegundum er viðkvæm fyrir loftslagsbreytingum og landnámi framandi tegunda. Sérstaða Íslands hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika er því í hættu vegna loftslagsbreytinga. Stefnt skal að því að Ísland verði til fyrirmyndar í loftslagsmálum í framtíðinni bæði á sviði rannsókna og lausna og taki virkan þátt í alþjóðasamstarfi um loftslagsvernd.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir miðja 21. öld um a.m.k. 60% að lágmarki miðað við árið 1990.
- Að setja bindandi losunarmörk og útfæra reglur um losunarheimildir.
- Að Ísland verði ábyrgur aðili að alþjóðasamstarfi til verndar loftslagi jarðarinnar og gegni forystuhlutverki í þessum málaflokki á alþjóðavettvangi.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að sett verði á fót Loftslagsráð² sem falin verði afmörkuð verkefni á sviði loftslagsmála sem tryggja samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem haft geta skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun.
- Að minnka losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 10% m.v. 1990.
- Sérstakt átak verði gert í að minnka losun frá samgöngum og stefnt að samdrætti í þeim geira um 20% og sett verði á fót verkefni sem miði að því að minnka losun frá fiskiskipafлотanum.
- Að nýta möguleika íslenskra aðstæðna til bindingar kolefnis en jafnframt tryggja að um áhættulausa og varanlega lausn sé að ræða.
- Að heildarlosun hérlandis verði undir ESB-meðaltali 2012 m.v. höfðatölu.
- Að kannaðir verði kostir og gallar þess að koma á viðskiptum með losunarheimildir innanlands og upptöku losunar- og mengunargjalda.
- Að taka virkan þátt í að semja um næsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar svo að tryggja megi markmið loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og að ekki verði leitað eftir frekari sérkjörum fyrir stóriðjufyrirtæki um losun gróðurhúsalofttegunda.



LEIÐIR

Beina þarf þróun atvinnulífs inn á umhverfisvænar brautir og sporna við frekari uppbyggingu orkufreks, mengandi iðnaðar. Gera þarf áætlun um verulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og lögfesta þau markmið til tveggja ára í senn.

Nauðsynlegt er að útbúa vandað mat á líklegum áhrifum loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi og íslenska náttúru og náttúruauðlindir. Styrkja þarf rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á aðlögunarhæfni íslenskra tegunda og fjölbreyttra stofna þeirra. Gera þarf áætlun um rannsóknir og viðbragðsáætlanir á þeim sviðum sem mestu varða m.a. um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og þróun lífríkis. Miðla þarf fræðslu og rækja alþjóðatengsl í málaflokknum. Hugmyndin um Loftslagsráð felur í sér að það sé farvegur fyrir verkefni af þessu tagi, jafnframt beri því skylda til að beina að eigin frumkvæði til mælum til opinberra aðila og annarra um að þeir axli ábyrgð í loftslagsmálum.

Virkja þarf samfélagið, stjórnkerfi, samtök á vinnumarkaði, fræðslukerfi og almenning, til að ná sem bestum árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mikilvægt er að neysluvenjur almennings breytist, sem verður best tryggt með fræðslu á öllum sviðum.

Leggja þarf áherslu á auknar rannsóknir í loftslagsmálum og tryggja fjármuni til að gera tilraunir með bindingu kolefnis. Kannað verði að hve miklu leyti binding með landgræðslu og skógrækt falli að ákvæðum loftslagssamningsins. Mikilvægt er að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum taki mið af skuldbindingum vegna alþjóðasamninga, s.s. um líffræðilegan fjölbreytileika, varnir gegn eyðimerkurmyndun og vegna Ramsar-sáttmálans.

Nauðsynlegt er að gera vandaða áætlun um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Í því augnamiði þarf að breyta samgöngumynstri fólks sem verður best gert með því að efla almenningssamgöngur um allt land og taka upp vistvæna sjóflutninga. Breyta þarf aðflutningsgjöldum og öðrum gjöldum á þann veg að það hvetji til notkunar smærri bifreiða og bifreiða sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum (sjá kafla um samgöngur).

Mikilvægt er að leita leiða til að koma böndum á losun vegna flugsamgangna. Stefna þarf að samstarfi ríkisstjórna og alþjóðasamfélagsins svo að losunarbókhald þjóða taki einnig til losunar frá flugsamgöngum.

² Sjá nánar þingsályktunartillögu þingflokks Vinstrireyfingarinnar – græns framboðs <http://www.althingi.is/altext/133/s/0259.html>



Liffræðileg fjölbreytni

Viðhald liffræðilegrar fjölbreytni er einn af hornsteinum sjálfbærrar þróunar. Brýnt er að vernda fjölbreytileika tegunda og stofna og fjölbreytileika vistkerfa. Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á öflugna alþjóðlega samvinnu og að samningi Sameinuðu þjóðanna um liffræðilega fjölbreytni (CBD) sé fylgt eftir með vöktun, aðhaldi og eftirfylgni um framkvæmd.

Fjölbreytileiki er ekki einungis mældur í fjölda tegunda heldur einnig í breytileika innan tegunda og hæfni þeirra til myndunar nýrra tegunda. Ísland er ungt og einangrað eyland sem mótað er af stöðugri eldvirkni. Því eru hér fáar tegundir lífvera en mjög fjölbreytt búsvæði fyrir þær. Þessi fjölbreytileiki búsvæða og tegundafæð stuðlar að miklum breytileika innan tegunda, margvíslegri afbrigðamyndun og svæðisbundinni aðlögun. Við verndun liffræðilegs fjölbreytileika á Íslandi þarf að horfa til þessarar sérstöðu.

Íslendingum ber að taka á sig sömu skyldur og önnur iðnvædd ríki varðandi vernd umhverfis og náttúru. Á heimsþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2002 um sjálfbæra þróun settu þjóðir heims sér það markmið að sem fyrst yrði hætt að ganga á liffræðilegra fjölbreytni í heiminum. Íslendingar hafa hins vegar ekki staðið sem skyldi við alþjóðlega samninga um liffræðilega fjölbreytni og skorast undan ábyrgð í þessum efnum. Þessu verður að breyta án tafar. Nauðsynlegt er að tryggja virka þátttöku Íslands og eftirfylgni á sviði liffræðilegrar fjölbreytni með mun markvissari og metnaðarfullri hætti en stjórnvöld hafa gert undanfarin ár.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að tryggja vernd liffræðilegrar fjölbreytni allra vistkerfa á landi, í sjó og í vötnum og tryggja að nýting náttúrulegra auðlinda lúti lögmálum sjálfbærrar þróunar.
- Að þróa vísindalega, tæknilega og stjórnsýslulega getu til að skipuleggja viðeigandi aðgerðir og hrinda þeim í framkvæmd.
- Að skrá lífverur (plöntur, dýr, sveppi, fléttur og örverur) sem lifa í íslenskrí náttúru, fá yfirlit yfir fjölbreytni þeirra og meta útbreiðslu og ástand tegunda og afbrigða þeirra.
- Skrá erfðauðlindir íslenskrar náttúru og gera áætlanir um eftirlit, varðveislu og hagnýtingu þeirra með verndarsjónarmið og langtíamarkmið í huga.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að ljúka grunnkortagerð og skráningu allra vistgerða á Íslandi.
- Að ljúka gerð válista sem nær til allra lífvera og vistgerða.



- Að móta stefnu um innfluttar tegundir og stýra notkun þeirra á grunni skilgreindra markmiða og visindalegrar þekkingar.
- Að gera landsáætlun um verndun vistgerða m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni.
- Að tryggja öfluga þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi um líffræðilega fjölbreytni, m.a. með því að sinna af metnaði þátttöku í samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem og CITES-samningnum, Ramsar-samningnum og Bernar-samningnum.
- Að Ísland gerist fullgildur aðili að Bonn-samningnum (CMS) um vernd fartegunda, með sérstaka áherslu á samkomulag um vernd farfugla (AEWA).
- Að auka fjármagn til rannsókna og viðhalds á líffræðilegri fjölbreytni og efla rannsóknir á innfluttum tegundum og áhrifum þeirra á íslenska náttúru.

LEIÐIR

Með aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni tók Ísland m.a. að sér að afla umfangsmikilla upplýsinga um íslenska náttúru. Hingað til hefur fjármagn til verkefnisins verið af skornum skammti.³ Mikilvægt er að við gerð fjárlaga sé tekið tillit til þeirra viðtæku skuldbindinga sem aðild að samningnum hefur í för með sér.

Komið verði á skipulegri vöktun lífríkisins sem byggja á nýjustu rannsóknum og vástum sem spanna lífríki Íslands. Komið verði í veg fyrir frekari eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni með markvissum aðgerðum sem byggja á niðurstöðum vöktunar.

Fjölbættum alþjóðlegum verkefnum er lúta að líffræðilegri fjölbreytni verði sinnt af metnaði, s.s. CPAN, NOBANIS, GBIF og Evrópusamstarfi um gerð visa til að meta líffræðilega fjölbreytni álfunnar.

Fylgst verði með áætlunum um rannsóknasamstarf Norðurlandþjóða á sviði erfðabreyttra lífvera. Í því sambandi verði siðferðilegar og samfélagslegar afleiðingar af notkun erfðabreyttra lífvera skilgreindar, m.t.t. áhrifa á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi.

Unnið verði að fræðslu um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni með það að markmiði að auka meðvitund almennings, fyrirtækja og stofnana um ábyrgð sína.

Alþjóðlegur dagur líffræðilegrar fjölbreytni, 22. maí, verði nýttur til að vekja athygli á mikilvægi þess að vernda og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni í lífríkinu. Gefið verði út kynningarefni í tilefni dagsins og hann auglýstur rækilega. Hvatt verði til þess að skólar landsins taki þátt í þessum degi.

³ Sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1. janúar 2006 http://www.rikisend.is/files/skyrslur_2006/liffraedileg.pdf



Náttúra og landslag

Náttúra landsins, jafnt lífríki, jarðmyndanir og landslag, er mikilvæg auðlind sem vernda þarf um langa framtíð með heildstæðri löggjöf og skipulagi. Slika verndun þarf að tryggja með góðri stjórnslu, rannsóknum og virku eftirliti og vöktun. Náttúru- og umhverfisvernd þarf að fá aukið vægi í skipulagi og við staðsetningu og hönnun mannvirkja. Viðurkenna þarf mikilvægi óraskaðra svæða, ósnortinna víðerna og landslagsverndar.

Gæta þarf að menningararfi þjóðarinnar sem að hluta til er fólgin í ýmis konar búsetuminjum, ekki síst í strjálbýli. Fjölmargar slíkar minjar hafa þegar glatast, aðrar liggja undir skemmdum. Brýnt er að ljúka skráningu slíkra minja, kortleggja þær og tryggja vernd þeirra í viðeigandi umhverfi þannig að komandi kynslóðir fái sem gleggsta mynd af búsetu og lífi í landinu fyrir á tímum.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að tryggja að stór hluti íslenskrar náttúru, lífríki, jarðmyndanir og landslag, fái að þróast eftir eigin lögmálum.
- Að komandi kynslóðir fái notið þessarar náttúru og góðs og heilnæms umhverfis.
- Að náttúru- og þjóðminjavernd njóti forgangs í skipulagsáætlunum og á einstökum skipulagsstigum.
- Að vernda og rannsaka búsetu- og menningarminjar þannig að saga genginna kynslóða varðveitist sem hluti af umhverfi og landslagi.
- Að verndargildi íslenskrar náttúru sé metið í staðbundnu og hnattrænu samhengi.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að heildstæð náttúruverndaráætlun hljóti staðfestingu Alþingis sem liður í landskipulagi og liggja til grundvallar ákvörðunum um aðra landnýtingu.
- Náttúruverndaráætlun taki einnig til strandsvæða og verndunar svæða í sjó.
- Að staða umhverfismála innan stjórnkerfisins verði styrkt til muna, sbr. stefnumörkun um breytta stjórnslu, og samvinna treyst við þjóðminjavörslu og sveitarstjórnarstigið.
- Að ljúka fornleifaskráningu á öllu landinu með samvinnu ríkis, sveitarfélaga, áhugamannafélaga og þjóðminjavörslunnar og friðlýsa fornleifar og aðrar þjóðminjar samkvæmt áætlun um forgangsröðun.
- Að tryggja fjárveitingar til umhverfismála og vörslu menningarminja svo hægt sé að standa við lagalegar skuldbindingar og þau markmið sem hér eru sett fram.



- Að koma upp veglegu náttúru- og vísindasafni með tengslum við náttúru-rannsóknir og vísindastarfsemi.
- Að tryggja réttarstöðu almennings og frjálsra félagasamtaka og aðkomu þeirra að stefnumótun og ákvörðunum á sviði umhverfis- og skipulagsmála.
- Að staðfesta alþjóðlega samninga og skuldbindingar um umhverfismál, m.a. með fullgildingu Árósasamningsins. Samhliða verði tryggt sem best tengsl stjórnvalda við frjáls umhverfis- og náttúruverndarsamtök.
- Að Ísland verði fullgildur aðili að Evrópska landslagssáttmálanum.

LEIÐIR

Í náttúruverndaráætlun verði skilgreindir framtíðarþjóðgarðar, ósnortin víðerni og önnur verndarsvæði. Marka þarf heildstæða stefnu um umsýslu þjóðgarða og verndarsvæða. Slíkt verður best gert í samstarfi við landeigendur og aðra réttshafa. Náttúruverndarvið Umhverfisstofnunar eða sérstök þjóðgarðastofnun hafi yfirumsjón með stjórnslu þjóðgarða og verndarsvæða. Aðrar opinberar stofnanir taki þátt í mati á náttúruvernd og menningarminum, t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Fornleifavernd ríkisins.

Rannsóknir á náttúru Íslands verði eflar á öllum sviðum og samhæfðar, m.a. starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa í landshlutum, háskóla landsins og stofnana sem slíkar rannsóknir hafa með höndum. Náð samstarf verði tryggt milli stjórnvalda á sviði náttúruverndar, þjóðminjavörslu og áhugamannafélaga til að tryggja og samþætta verndar- og vörslustarf eftir því sem við á. Náttúrufræðisöfn verði byggð upp sem mikilvægur hlekkur í náttúrufræðslu og náttúruvernd.

Samspil náttúruverndarstarfs og skipulagsvinnu verði treyst, bæði hjá Skipulagsstofnun, sveitarfélögum og Samvinnunefnd um skipulag miðhálandis. Á nýju skipulagsstigi, svonefndu landskipulagi, þarf að líta til landsins sem einnar heildar. Sérstaklega þarf að gæta að varðveislu landslagsheilda og ósnortinna víðerna.

Setja verður kraft í að ná fram friðlýsingu þeirra 14 svæða sem náttúruverndaráætlun 2004-2008 tekur til. Yfirfara þarf tillögur Umhverfisstofnunar að heildstæðri náttúruverndaráætlun, auka við þær á grundvelli nýrra rannsóknaniðurstaðna og nýrra sjónarmiða um verndargildi svæða og ljúka sem fyrst vinnu við náttúruverndaráætlun fyrir tímabilið 2008-2012.

Hefjast verður handa við undirbúning að friðlýsingum á stórum landslagsheildum, svo sem á nýjum þjóðgördum og friðlöndum (t.d. jöklaþjóðgördum og eldfjallafríðlöndum) og á votlendissvæðum skv. Ramsar-samningnum.

Staða og starfshættir náttúruverndarnefnda verði tekin til endurskoðunar í samvinnu við sveitarstjórnarstigið. Þörf er á að treysta stöðu þeirra,



valdsvið og tengsl við náttúru- og skipulagsyfirvöld og náttúrustofur lands-
hlutanna. Sama á við um vinnu að Staðardagskrá 21.

Stefnumörkun um náttúruvernd og verndun líffræðilegrar fjölbreytni
verði samtengd og ákvæði laga og reglugerða endurskoðuð í ljósi vinnu þar
að lútandi.

Áfram verði unnið að vernd og endurheimt votlendis og starfið styrkt
með lagastoðum. Hliðsjón verði höfð af úttekt á öllu votlendi á landinu og
reynslu af endurheimt þess á liðnum árum.

Stuðningur við frjáls félagasamtök um náttúruvernd verði aukinn, t.d.
með því að fullgilda allar stoðir Árósasáttmálans og tryggja aukinn fjár-
stuðning við frjáls samtök á þessu sviði. Tryggja þarf virkt samráð stjórn-
valda og frjálsra félagasamtaka með formlegum hætti.

Stjórnvöld umhverfismála geri sér far um að leita til sérfróðra aðila í há-
skólum landsins og á rannsóknastofnunum til að tryggja fagleg sjónarmið
við stefnumörkun og lagasetningu.

Landvarsla verði stórefld og fjármagn tryggt til hennar, jafnt í þjóðgörð-
um og á öðrum friðlýstum svæðum sem og í þágu fræðslu og almenns eftir-
lits með að lagaákvæði á þessu sviði séu virt. Staða landvarða verði treyst
með hliðsjón af stöðu þjóðgarðsvarða í grannlöndum okkar.



Haf, strönd og hafsbötn

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að lítið sé á verndun og nýtingu lífrænna auðlinda hafsins í heildstæðu samhengi. Leggja ber áherslu á rannsóknir til að fá sem skýrasta mynd af sem flestum þáttum í vistkerfi sjávar og samspili þeirra.

Við framkvæmd sjálfbærrar sjávarútvegsstefnu ber að taka mið af alþjóðasáttmálum og samþykktum. Ákvæði þeirra á að festa í sessi með því að lögfasta mikilvæga þætti er varða m.a. varúðar- og vistkerfisnálgun í fiskveiðum.⁴

Sjálfbær sjávarútvegsstefna þarf í senn að taka mið af umhverfislegum, félagslegum og efnahagslegum þáttum með það að markmiði að varðveita náttúru og lífrænar auðlindir hafsins, treysta byggð og atvinnu sem víðast og skapa sem mest verðmæti af sjávarauðlindunum innanlands.

Við nýtingu auðlinda af eða úr hafsbötni skal gætt að verndun náttúru-fars og lífríkis og fylgja ströngum skilmálum varðandi mengunarhættu.

Þróa þarf vistvænar veiðiaðferðir sem standast mælikvarða sjálfbærrar þróunar. Þannig valdi þær ekki skaða á hafsbötni og uppvaxtarskilyrðum í hafinu, skili hágæða hráefni, nýti sem best orku og valdi sem minnstri mengun, m.a. af gróðurhúsalofttegundum.

Fullvinna þarf sjávarafla svo sem kostur er með vottuðu, vistvænu framleiðsluferli þannig að sem mest verðmæti fáiast með sem minnstum áhrifum á umhverfið. Mengunargreiðslureglan (polluter pays principle) úr Ríó-yfirlýsinguinni gerir auknar kröfur til matvælaframleiðslu, þ.m.t. í útgerð og fiskvinnslu.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að sjálfbær og siðferðilega ábyrg nýting lífrænna auðlinda hafsins verði ætíð höfð að leiðarljósi.
- Að nýting á auðlindum hafsins byggji á heildarsýn, þekkingu og rannsóknum.
- Að við veiðar og nýtingu verði gætt að verndun sjávarbotnsins og beitt vistvænum veiðiaðferðum.
- Að lífrænar auðlindir hafsins verði nýttar til að stuðla að jafnvægi í búsetu landsins.
- Að innlendar rannsóknir og alþjóðlegt rannsóknasamstarf verði eftt til að styrkja vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnunar og framleiðslu sjávarafurða.
- Veiðar sjávarspendýra séu háðar sjálfbærni, alþjóðasamningum og viðtæku mati á heildarhagsmunum þjóðarbúsins.



MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að auka rannsóknir á sjávarvistkerfum, nytjastofnum og áhrifum veiða og veiðiaðferða og huga einnig að auknum rannsóknum á nýtingu auðlinda hafsins, með tilliti til umhverfis-, efnahags- og félagslegra þátta og skuldbindinga okkar um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.
- Að tryggja vistvænar veiðiaðferðir á grunnslóð.
- Að tryggja verndun enn óraskaðra hafsbotnssvæða á grundvelli rannsókna.⁵
- Að stuðla að varúðar- og vistkerfisnálgun í fiskveiðum.
- Að stuðla að þróun og notkun kjörhæfra veiðarfæra.⁶
- Að nýting fiskistofna verði ákvörðuð að undangengnum rannsóknum.
- Að fylgst verði sérstaklega með veiðum þeirra tegunda sem ekki lúta almennum reglum um veiðistjórnun til að hamla gegn ofveiði og tryggja eðlilegan viðgang þeirra.
- Að forsendur selveiða hér við land verði endurmetnar og selarannsóknir og vöktun selastofna verði á verksviði Hafrannsóknastofnunar.
- Að engar hvalveiðar verði heimilaðar á meðan fram fer viðtækt mat á sjálfbærni slíkra veiða. Meta þarf hagrænar forsendur veiðanna og áhrif þeirra á ímynd lands og þjóðar. Gæta þarf dýraverndarsjónarmiða og alþjóðlegra skuldbindinga.
- Að teknar verði upp alþjóðlega viðurkenndar vottanir um sjávarafurðir.
- Að bæta meðferð og nýtingu afla og koma í veg fyrir brottkast.
- Að stuðla að notkun vistvænna orkugjafa á fiskiskipum.
- Að hefja byggðatengingu nýtingarréttinda á grunnslóð sem taki til allt að þriðjungu aflaheimilda.
- Að setja skýrar mengunarvarnar- og náttúruverndarreglur varðandi efnistöku og aðra auðlindavinnslu frá hafsbotni.

LEIÐIR

Brýnt er að hafrannsóknir verði eflar með sérstakri áherslu á að fylgjast með samspili tegundanna og viðgangi staðbundinna stofna. Einnig þarf að efla möguleika rannsóknastofnana á að skoða áhrif mismunandi veiðarfæra, bera saman árangur fiskverndaraðgerða, rannsaka áhrif ólíkra veiðarfæra á hafsbotninn og sinna fleiri slíkum rannsóknaverkefnum sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi, m.a. vegna fjárskorts. Styrkja þarf alþjóðlegt rannsóknasamstarf til að efla vísindalegan grundvöll fiskveiðistjórnunar og framleiðslu.

Farið verði yfir alþjóðasamninga og skuldbindingar sem Íslendingar eru aðilar að í þeim tilgangi að tryggja að uppfylltar verði þær kröfur sem lúta að umgengni við lífríki og náttúru, svo sem Ríó-yfirlýsinguna frá 1992, CITES-samninginn frá 1973 um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, Bernar-samninginn frá 1979 um vernd villtra



dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu og áætlunina um sjálfbær Norðurlönd fyrir tímabilið 2001–2020.

Taka þarf orkunotkun í sjávarútvegi sérstaklega til skoðunar með það að markmiði að stuðla að orkusparnaði og nýtingu vistvænna orkugjafa í sjávarútvegi hérlendis. Rannsóknir gefa vísbendingu um að báta- og strandveiðiflotinn skili margföldu aflaverðmæti á hvert tonn af oliu miðað við það sem gerist í togaraútgerð. Vinna þarf markvisst að því að draga úr orkunotkun á aflaeiningu.

Hafin verði í samræmi við stefnumörkun Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um sjávarútveg endurskoðun á þeim þáttum fiskverndar sem lúta að reglum um löndun meðafla, notkun veiðarfæra, landhelgislinum sem vernda grunnslóðina, friðun svæða og friðun á hrygningartíma.

Fiskiskip verði flokkuð meira en hingað til með hliðsjón af stærð, útgerðarháttum, veiðarfærum o.fl. Við þá flokkun þarf einnig að hafa í huga æskilega samsetningu flotans og sóknarmynstur og taka tillit til varðveislu lífríkisins og nýtingu veiðistofna með tilliti til stærðar þeirra og veiðipóls til langs tíma.

Um leið og Íslendingar áskilja sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum verði forsendur fyrir veiðum og nýtingu sjávarspendýra, sela og hvala, endurmetnar frá grunni með tilliti til sjálfbærni og efnahagslegrar þýðingar fyrir þjóðarþúíð í heild sem og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.

Selarannsóknir og vöktun selastofna verði felldar undir verkvið Hafrannsóknastofnunar og öllum afskiptum hringormanevndar verði hætt. Selveiðar sem hlunnindabúskapur verði áfram heimilaðar undir eðlilegu eftirliti og í samræmi við almenn dýraverndunarsjónarmið.

4 Varúðarmálgun snertir m.a. veiðar úr einstökum tegundum, aflareglur og skilgreiningu eða lögfestingu á líffræðilegum hættumörkum (B-limit). Vistkerfisnálgun varðar heildarsamhengi stofna sem er háð viðbrögðum einstaklinganna, víxlverkan stofnanna og hvernig umhverfisaðstæður í sjónum hafa áhrif á einstaklingana. Um þetta efni er þekking enn afskornum skammti.

⁵ Sjá þingsályktunartillögu VG um sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni: <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txi=/wwwtext/html/130/s/0031.html&leito=Vernd%5C0hafsbotsins#word1>

⁶ Mat á kjörhæfni veiðarfæra varðar m.a. möskvastærð, fiskiskiljur og aðra þætti sem geta tryggt eins skilvirkar og sjálfbærar veiðar og hægt er og dregið úr neikvæðum afleiðingum af notkun veiðarfæra á náttúru og umhverfi, þar á meðal áhrifum botnvörpu á hafsbotnin.



Gróður- og jarðvegsvernd

Með aukinni velmegun og þekkingu er nú svigrúm til að bæta nýtingu gróins lands og styrkja þannig náttúruleg gróðurlendi og jarðveg. Til að ná fram bættri nýtingu og vernd gróðurs, votlendis og náttúrulegra skóga þarf nána samvinnu við þá sem nýta landið, sérstaklega bændur og aðra landeigendur.

Þekking og fræðsla eru lykilhugtök. Mikilvægt er að samþætta lagaákvæði um verndun jarðvegs og gróðurs og gera vistfræðileg og siðræn gildi að undirstöðu í verndun og nýtingu.

Auka þarf áherslu á endurheimt raskaðra og glataðra vistkerfa. Jarðvegsrof markar víða ásynd landsins og talið er að um helmingur gróins lands á Íslandi hafi eyðst síðan land byggðist.

Aðgæslu er þörf við innflutning framandi lífvera til landsins. Það á ekki síður við um innflutning jurta en dýra. Nauðsynlegt er að ljúka vinnu við reglugerð um val og notkun innfluttra plöntutegunda. Tryggt verði að varúðarnálgun verði höfð að leiðarljósi um innflutning og meðhöndlun erfðabreyttra plantna og lög og reglur þar um endurnýjuð.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að gróðurlendi sem tapast hefur af manna völdum verði endurheimt með vistfræðilegum nálgunum en jafnframt verði lögð áhersla á að náttúrulegar auðnir á hálendi Íslands fái að þróast án inngrípa mannsins.
- Að nýting gróðurlenda verði á þann veg að höfuðstóll þeirra sé ekki skertur.
- Að við aðgerðir í gróður- og jarðvegsvernd verði tekið tillit til líffræðilegrar fjölbreytni samkvæmt ákvæðum alþjóðasamninga og með tilliti til sérstöðu Íslands og íslenskra aðstæðna.
- Að við skipulagningu framkvæmda og annarrar landnýtingar verði tekið tillit til náttúrulegra gróðurlenda þannig að þau skerðist sem minnst.
- Að hverjum þeim sem raski veldur á jarðvegi og gróðri sé gert að fjármagna mótvægisáðgerðir eða leggja að undangengnu mati fram fé í sérstakan sjóð til landbóta.
- Að þess verði gætt að dreifa ekki í úthaga og á örfoka landi tegundum sem valdið geta óæskilegri röskun á gróðurriki landsins.
- Að undirbúningur gróðurverndaraðgerða, rannsóknir, stjórnun og vöktun fari eins mikið fram á umræddu svæði og unnt er til að tryggja lýðræðislega aðkomu íbúa á hlutaðeigandi svæðum og treysta jafnframt búsetu.
- Að þess verði gætt að erfðabreyttar tegundir og stofnar raski ekki íslenskum vistkerfum.



MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að sett verði ný löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd sem byggji á bestu fáanlegri þekkingu, ákvæðum alþjóðasamninga og reynslu hér heima og erlendis. Löggjöfin taki einnig til skógverndar, skógræktar og landgræðslu.
- Að mótuð verði áætlun um auknar rannsóknir á sviði gróður- og jarðvegsverndar, verkefnum forgangsraðað og fjármögnun tryggð.
- Að gera stórátak í endurheimt votlendis í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og umráðamenn lands.

LEIÐIR

Stefna um gróður- og jarðvegsvernd þarf að vera skýr. Núverandi löggjöf á þessu sviði er komin nokkuð til ára sinna, lög um landgræðslu eru frá 1965 og lög um skógrækt frá 1955. Hún endurpeglar því hvorki breytt viðhorf, aukna þekkingu né aðstæður. Því er endurskoðun hennar forgangsverkefni.

Stilla þarf saman aðgerðir við gróður- og jarðvegsvernd og nýtingu þessara auðlinda með markmið sjálfbærrar þróunar og inntak alþjóðlegra samninga að leiðarljósi.

Efla þarf beitarstjórnun og vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og auka markvisst framlög til rannsókna á íslenskum gróðurlendum og nýtingu þeirra.

Koma þarf á skýrri verkaskiptingu opinberra aðila, ráðuneyta, ríkis og sveitarfélaga á sviði gróður- og jarðvegsverndar og fylgja fram stefnu um samvinnu við heimamenn.

Fella verður ákvæði skipulagslaga og laga um mat á umhverfisáhrifum eftir því sem við á að ofangreindri stefnumörkun.



Landnýting

Mikilvægt er að hvers kyns landnýting sé í góðri sátt við umhverfið og á grundvelli viðhorfa um sjálfbæra þróun. Þetta á m.a. við um beitarnot, sumarbyggð, verndarsvæði, umferð og veiðar. Bændur hafa um aldir verið nær einir um að nýta landið en nú hafa margir aðrir bæst í þann hóp, m.a. sívaxandi fjöldi ferðamanna og þéttbýlisbúar sem keypt hafa jarðir. Brýnt er að fjölþætt landnotkun sé stunduð í sem bestri sátt og skipulag og umgengnisreglur miði að því að vernda landið og koma í veg fyrir náttúruspjöll. Virða ber almannarétt um frjálsa för samkvæmt náttúruverndarlögum.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill virkja bændur og aðra landeigendur í auknum mæli til þátttöku í að endurheimta landgæði með landgræðslu og skógrækt sem leiði til sjálfbærra vistkerfa. Í slíkum verkefnum er mikilvægt að gera skýran greinarmun á ræktun lands og vistheimt og veita landeigendum aðgang að ráðgjöf um aðföng og æskilegan búnað til slíkra verka.

Stuðla þarf að vistvænum framleiðsluferlum í landbúnaði sem falli að auðlindanotkun og æskilegri þróun byggðar. Forðast ber óhóflega samþjöppun, bæði vegna vistfræðilegra og heilbrigðislegra vandamála sem henni fylgja og bág reynsla er af á meginlandi Evrópu. Öruggar og vistvænar afurðir geta skapað íslenskum landbúnaði sóknarfæri. Sérstaklega eru þeir möguleikar sem felast í lífrænni ræktun mikilvægir og skapa spennandi tækifæri. Verkmennung og verkunnátta gamla bændasamfélagsins hefur óðum verið að tapast en við því þarf að bregðast því að ýmsir þættir hennar geta vísað veginn til vistvænni búskaparhátta.

Minna ber á tengsl íslenskra búfjárkynja við menningararfleifð þjóðarinnar. Íslenski hesturinn hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu og önnur búfjárkyn hafa ekki síður sérstöðu og fer eftirspurn eftir þeim vaxandi. Þar eð innlend búfjárkyn eru best aðlöguð íslenskum aðstæðum ber að byggja á þeim við þróun vistvæns landbúnaðar. Þá er og mikilvægt að tryggja góða meðferð á dýrum og sem best lífsskilyrði fyrir öll dýr.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að fjölþætt landnotkun fylgi skipulagi sem taki mið af sjálfbærri þróun.
- Að verndun og sjálfbær landnýting hafi forgang í þjóðlendum.
- Að endurheimta og vernda sjálfbær vistkerfi landsins.
- Að vernda íslenska plöntu- og húsdýrastofna og takmarka notkun innfluttra tegunda.
- Að vistvænin og lífrænin framleiðsluhættir, sem taki tillit til líffræðilegrar fjölbreytni, náttúru og menningarumhverfis, séu grundvöllur íslensks landbúnaðar.



GRÆN FRAMTÍÐ

- Að auðlindir landsins séu m.a. notaðar til að framleiða öruggar og vistvænar afurðir í háum gæðaflokki.
- Að bústærðir séu í samræmi við landstærð og sjálfbæra landnýtingu og fjölskyldubú verði áfram meginstoð íslensks landbúnaðar.
- Að varast of mikla samþjöppun í búfjárrækt vegna álags á vistkerfið, meðferðar á dýrum, mengunarhættu og neikvæðra félagslegra áhrifa.
- Að landbúnaður og ferðaþjónusta stuðli að þróun lífvænlegra samfélaga í strjálbýli.
- Að tryggja að erfðabreyttar tegundir og stofnar raski ekki vistkerfum.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að skilgreindar verði forsendur mismunandi landnýtingar í anda sjálfbærrar þróunar.
- Að gerður verði greinarmunur á uppgræðslu til ræktunar og vistheimtar og við ræktun nytjaskóga og landgræðsluskóga.
- Að meginhluta til verði innlendar tegundir notaðar við endurheimt landgæða og í landgræðsluskógum en erlendar trjategundir við nytjaskógrækt.
- Að hlúa að rannsóknum og innleiða fjárhagslega hvata til stuðnings vistvænni og lífrænni landbúnaðarframleiðslu.
- Að efla rannsóknir í umhverfis- og landbúnaðarmálum m.a. með samstarfi háskóla á þessum fræðasviðum.
- Að fram fari um land allt viðtæk úttekt á menningarlandslagi, fornminjum og öðrum menningararfi þjóðarinnar.
- Að safnað verði heimildum um verkþekkingu og verkmenningu liðins tíma í landbúnaði og stuðlað að búskaparháttum í sem bestri sátt við umhverfið.
- Að gera sýnilega leiðina frá framleiðendum landbúnaðarafurða til neytenda þannig að hægt sé að rekja uppruna vörunnar.
- Að koma í veg fyrir kynblöndum íslenskra búfjástofna.
- Að endurskoðaðar verði reglur um aðbúnað dýra í innlokuðum rýmum og miða þá við það besta sem gerist í Evrópu.

LEIÐIR

Þróaðar verði vinnuaðferðir fyrir fjölbætt landnotkunarskipulag er byggi á sjálfbærum mælikvörðum fyrir mismunandi not.

Lagður verði grunnur að bættri samvinnu samtaka fólks í þéttbýli og strjálbýli varðandi umgengni við landið og náttúruvernd.

Endurheimt vistkerfa á örfoka landi yfir ákveðinni stærð, hvort sem er með sjálfgræðslu, landgræðslu eða skógrækt, verði skilgreind og gerð skipulagsskyld.

Horfið verði í áföngum frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og þess í stað teknir upp byggðatengdir styrkir og umhverfisstyrkir fyrir vistvæna og lífræna framleiðslu.



Auknar verði rannsóknir og safnað upplýsingum um vægi landbúnaðar í þróun dreifbýlis og menningar- og söguvitund þjóðarinnar.

Að sérstöku framlagi verði veitt til rannsókna á möguleikum lífrænnar ræktunar og annarra vistvænna framleiðsluhátta í íslenskum landbúnaði.

Landbúnaðarvörur verði upprunamerktar og þannig styrkt tengsl framleiðenda og neytenda.

Fundnar verði leiðir til að opna fyrir fullvinnslu landbúnaðarvara sem byggji á hefðbundnum aðferðum fyrri tíðar heima á búunum.

Endurskoða þarf lög um dýravernd með það m.a. í huga að setja mála-flokkinn undir eitt og sama ráðuneyti.

Innflutningur erlendra hrossa-, nautgripa-, sauðfjár- og geitfjarkynja verði ekki heimilaður.



Víðernin

Vaxandi skilningur er nú hér á landi sem og um allan heim á þeirri staðreynd að ósnortið land og villt náttúra er auðlind sem virða ber og varðveita á eigin forsendum. Í mörgum löndum er nú unnið að verndun slíkra svæða en fáar þjóðir í okkar heimshluta eiga jafnmikla möguleika og við Íslendingar í þeim efnum. Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er. Enn eru stórir hlutar þess óbyggðir og að mestu lausir við mannvirki og rask. Fullyrða má að á fáum eða engum stöðum sjáist landmótunaröfl náttúrunnar jafn greinilega og á hinum íslensku víðernum. Þessi sérstaða er stærsti þátturinn í þeirri mynd sem í æ ríkari mæli er notuð sem grunnur undir uppbyggingu og eflingu ferðapjónustu innan lands og utan.

Við skilgreiningu ósnortinna víðerna ber að hafa til hliðsjónar eftirfarandi skilgreiningu: „Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“
(Starfshópur um skilgreiningu ósnortinna víðerna 1998.)

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að taka frá samfelld ósnortin og lítt snortin svæði fyrir komandi kynslóðir.
- Að tryggja svo sem verða má óhefta þróun náttúru samkvæmt eigin lögmálum um ókomin ár.
- Að viðhalda samfelldum og ósnortnum svæðum til útivistar, rannsókna og fræðslu.
- Að treysta mynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru.
- Að sjálfræðsla lands verði meginregla á ósnortnum víðernum.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að kortleggja og afmarka landsvæði sem falla undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um ósnortin víðerni og tryggja þeim sess í náttúruverndaráætlun.
- Að móta áætlun um varðveislu ósnortinna víðerna og setja reglur um umferð og umgengni.

LEIÐIR

Varðveita þarf ósnortin landsvæði með því að taka frá samfelld ósnortin svæði fyrir komandi kynslóðir og tryggja óhefta þróun náttúru samkvæmt



eigin lögmálum um ókomin ár. Þannig verður viðhaldið samfelldum og ósnortnum svæðum til útivistar, rannsókna og fræðslu, tryggð og treyst ímynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru.

Afla þarf upplýsinga um þessi svæði, jarðfræði þeirra, lífríki og núverandi nýtingu og hagnýta þær til stýringar, rannsókna og fræðslu.

Skilgreina þarf og afmarka ósnortin víðerni og varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur einungis sem gestur. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að takmarka mjög eða banna vélknúna umferð.



Ferðapjónusta og útivist

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur eflingu ferðapjónustu vænlegan kost í íslenskrri atvinnuþróun og vaxtarmöguleika mikla og vaxandi. Aukin umsvif í ferðapjónustu skapa tiltölulega mörg störf, þau dreifast nokkuð jafnt um landið og höfða til beggja kynja.

Undirstaða íslenskrar ferðapjónustu hefur verið náttúra landsins og sérstætt landslag, ekki síst óbyggð viðernin sem eiga sér fáa líka. Brynt er að tryggja að sú ímynd sem við viljum að landið hafi í okkar eigin og annarra augum sé sannleikanum samkvæm. Efla þarf þekkingu á náttúru landsins og náttúruvernd, tryggja góða umgengni um landið og sjá til þess að ferðamennska valdi ekki tjóni á viðkvæmri náttúru.

Menningartengd ferðapjónusta er í örum vexti og gefur menningararfur þjóðarinnar þar óteljandi sóknarfæri. Mikilvægt er að styðja vel við bakið á menningartengdri ferðapjónustu. Efla þarf leiðsögn með staðkunnugum leiðsögumönnum, sérstaklega fyrir erlenda hópa sem koma hingað með eigin útbúnað. Þannig er hægt að vefa þjóðlegar sögur og hefðir inn í ferðirnar. Styðja á við uppbyggingu ferðapjónustu heima í héraði. Skipulagsmál heima fyrir fá þar með meiri stuðning með vistvernd að leiðarljósi. Heilsutengd ferðapjónusta býður einnig upp á marghátuð tækifæri til nýsköpunar. Sjálfbærni og nýting í samræmi við fjölbreytta útivist skal höfð að leiðarljósi.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að Ísland verði til fyrirmyndar í verndun náttúru og umhverfis, m.a. í tengslum við ferðapjónustu og útivist.
- Að unnið verði áfram að verndun ósnortinna viðerna landsins.
- Að tekið verði aukið tillit til útivistar og ferðapjónustu í allri skipulagsgerð.
- Að við allt skipulag ferðamála og ferðapjónustu verði það grundvallaratriði að íslensk náttúra og umhverfi biði ekki tjón af. Leyft verði að takmarka fjölda ferðamanna inn á viðkvæm svæði.
- Að útivist og ferðapjónusta samræmist í hvívetna markmiðum um sjálfbæra þróun.
- Að í vaxandi mæli verði horft til menningartengdrar ferðapjónustu við uppbyggingu atvinnugreinarinnar.
- Að eftirlit með umgengni um viðkvæm svæði verði eflit og veitt viðurkenn-ing þeim sem standa sig vel.
- Að stórefla rannsóknir á ferðamennsku á Íslandi og vöktun ferðamanna-staða.



- Að kanna möguleika á að efla menntun og færni leiðsögumanna og stefnt að því að nýta enn frekar þekkingu staðkunnugra.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að móta heildstæða stefnu um ferðamál á landsvisu þannig að sérstaða hvers landshluta fái notið sín.
- Að gera átak í að efla „græna ferðamennsku“ (Eco-tourism) og koma á samstarfi við erlenda aðila ásamt því að efla menntun og rannsóknir á því sviði.
- Að ljúka við áætlun um uppbyggingu og vernd fjölsótttra ferðamanna-staða, m.a. með náttúruvernd og öryggi ferðafólks í huga.
- Að skilgreina verkaskiptingu milli landvarða og heilbrigðiseftirlits varðandi eftirlit með ferðamannastöðum.
- Að gera áætlun um bætt aðgengi fólks með skerta hreyfigetu að ferðamannastöðum.

LEIÐIR

Lögð verði áhersla á uppbyggingu ferðaþjónustu og útivistar og fylgst grannt með umgengni um fjölfarna ferðamannastaði svo að hægt verði að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Auka þarf eftirlit og sjá til þess að ákvæði laga og viðurlög við brotum verði skýr. Gagnlegt er að koma á viðurkenningum og styrkjum til þeirra sem standa sig vel í ferðaþjónustu. Unnið verði samkvæmt fastmótaðri áætlun um úrbætur á ferðamannastöðum í samvinnu við heimamenn á hverjum stað.

Samhliða þróun ferðaþjónustu verður að gæta þess að álag á umhverfi og samfélag verði ekki svo mikið að það skaði náttúru og lífríki. Farið verði að leiðsögn þeirrar greinar ferðaþjónustu sem kallast „græn ferðamennska“ („Eco-tourism“) og byggist á því að umhverfiskostnaði sé haldið í lágmarki og að ferðamenn nýti ferðalögin sem best, fari hægar yfir og njóti betur.

Náttúru- og menningartengd ferðaþjónusta á Íslandi hefur verið að þróast í átt til „sjálfbærrar ferðaþjónustu.“ Með því er átt við ferðaþjónustu sem leitast við að vera í senn fræðandi og skaðlaus fyrir náttúru og menningu viðkomandi lands sem og einstök vistkerfi og samfélög. Leiðarljósinn eiga að vera þekking og virðing fyrir menningu og náttúru.

Gert verði átak í fræðslu og upplýsingagjöf um ferðaleiðir, um athyglisverða staði, um náttúru og umhverfi og umgengnisreglur. Fræðslan þarf að ná bæði til erlendra og innlendra ferðamanna. Styðja ber við starfsemi ferða- og útivistarféлага sem starfa að fræðslu um náttúru landsins.

Byggt verði upp aðstaða til móttöku ferðamanna víða um landið í samræmi við verndaráætlanir til þess að minnka álag á viðkvæmum stöðum. Skýrt sé og vel skilgreint hver hafi eftirlit með stöðunum.

Aukinn verði þáttur sögu og menningar í ferðaþjónustu. Menningartengd



GRÆN FRAMTÍÐ

ferðapjónusta léttir á ferðamannapunga á viðkvæmum en vinsælum stöðum á hálendinu og færir ferðapjónustuna niður á láglandi, jafnframt því að skapa atvinnu heima í héraði og treysta menningu og byggðir landsins.⁷

⁷ Að öðru leyti er vísað til tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu, lögð fyrir 112. löggjafarþing (537.mál): <http://www.alt-hingi.is/dba-bin/unds.pl?xti=wwwtext/html/112/s/0934.html&leito=Fer%F0a%FEj%F3nusta#word1>.



Umhverfismennt

Markviss fræðsla um umhverfismál og náttúruvernd er mikilvægur þáttur í að gera hvern og einn meðvitaðan um ábyrgð sína í umhverfismálum. Þar þurfa að vinna saman ólíkir aðilar, ríki, sveitarfélög, opinberar stofnanir, atvinnurekendur, frjáls félagasamtök og skólakerfið. Tryggja þarf að kennsla í umhverfismennt sé samofin öllum námsgreinum í leik-, grunn- og framhaldsskólum auk þess sem marka má þeirri fræðslu sérstakan tíma í skólastarfinu. Frjáls félagasamtök hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi fræðslu í umhverfismálum. Nefna má verkefni Landverndar „Vistvernd í verki“, sem hvetur til aukinnar umhverfisvitundar, útgáfu Neytendasamtakanna á Neytendablaðinu, sem geymir fjölbreytt fræðsluefni um umhverfis- og neytendamál, og fræðslu Neytendasamtakanna um umhverfismerktar vörur.

Miklu skiptir að efla þau söfn sem sinna náttúru- og umhverfisfræðslu og má þar fyrst telja að koma þarf upp veglegu náttúru- og vísindasafni en einnig að efla gestastofur og fræðslusetur um land allt. Langflest sveitarfélög hafa samþykkt Staðardagskrá 21 sem felur í sér að allar stofnanir þeirra setja sér markmið í umhverfismálum. Betur má ef duga skal og skiptir miklu að sveitarfélög setji sér framsækin markmið í umhverfismálum. Mikilvægt er að samhliða því standi þau fyrir umhverfisfræðslu fyrir starfsmenn sína, þ.m.t. grunnskólakennara. Hvetja þarf fyrirtæki á hinum almenna markaði til að gera slíkt hið sama.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að treysta vitund þjóðarinnar um mikilvægi umhverfisins og efla skilning á náttúrunni og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.
- Að tryggja að allir nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum hljóti markvissa menntun í anda sjálfbærrar þróunar, þ.m.t. fræðslu um umhverfismál.
- Að byggja upp rannsóknir og þróunarstarf á sviði náttúru- og umhverfisvísinda m.a. með því að auka tækifæri til rannsóknatengds framhaldsnáms á þessu fræðasviði í háskólum.
- Að styðja við bakið á grasrótarhreyfingum sem vinna að aukinni umhverfisvitund.
- Að auka almenna umfjöllun um umhverfismál og aðgengi almennings að fræðsluefni.
- Að efla ábyrgðartilfinningu almennings gagnvart auðlindum jarðar.



MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að fella Staðardagskrá 21 að stjórnýsly sveitarfélaga.
- Að bjóða starfsfólki ríkis og sveitarfélaga skipulega umhverfisfræðslu í tengslum við starfsvið hvers og eins.
- Að gera samkomulag við Samtök atvinnulífsins um umhverfisfræðslu fyrir starfsfólk á almennum markaði.
- Að gera samkomulag við frjáls félagasamtök um einstök verkefni á sviði umhverfisfræðslu.
- Að nýta starfskrafta landvarða yfir vetrartímam til að sinna umhverfisfræðslu í skólum landsins.
- Að styrkja fjölmíðla til innlendar dagskrárgerðar um umhverfismál.

LEIÐIR

Sérstök áhersla verði lögð á þjálfun kennara og kennaranema í að tengja hugmyndir umhverfisverndar við kennslu allra námsgreina. Lögð verði áhersla á að námsefnishöfundar hafi sjónarhorn umhverfisverndar í huga við gerð námsefni í öllum námsgreinum á sama hátt og krafa er gerð um að í öllu námsefni séu sjónarmið kynjajafnréttis höfð að leiðarljósi. Þannig verður best vakin vitund nemenda um sameiginlega ábyrgð okkar á umhverfinu og vernd þess. Þá ber einnig að leggja áherslu á útgáfu sérstaks námsefni í greinum umhverfis- og náttúruvísinda.

Samþætta þarf umhverfisfræðslu kennslu annarra námsgreina á öllum skólastigum og tryggja að skólarnir hafi aðgang að vönduðu og fjölbreyttu námsefni um umhverfismál. Þá þarf að styðja viðleitni skóla á öllum skólastigum til fjölbreyttrar samvinnu sín í milli um verkefni á sviði umhverfismenntunar. Það sama á við um samstarf við erlenda skóla.

Hvetja þarf til framhaldsmenntunar í umhverfisfræðum hvers konar svo að skólakerfið hafi í auknum mæli aðgang að sérfræðingum á sviði umhverfismenntunar.

Ein leið til að tryggja vöxt og viðgang umhverfisfræðslu á öllum skólastigum er að leitast við að koma á útikennslu sem býður upp á fjölbreytta nálgun og ný sjónarhorn.

Skólar á öllum skólastigum setji fram umhverfismarkmið í skólanámskrá sinni. Mikilvægt er að foreldrar og aðrir sem tengjast skólastarfi þekki umhverfismarkmið viðkomandi skóla og leggi sitt af mörkum til að ná þeim.

Auk fræðslu fyrir nemendur á öllum aldri er nauðsynlegt að gera áttak í sérhæfðri umhverfisfræðslu fyrir ýmsa hópa og starfsgreinar. Má þar nefna mikilvægi foreldrafraeðslu, neytendafraeðslu o.s.frv. Stuðla þarf að því að fyrirtæki og stofnanir sjái til þess að starfsfólk njóti fræðslu um umhverfismál, bæði almennt og um þau atriði sem sérstaklega varða starfsemi viðkomandi fyrirtækis, stofnunar og starfsmanns.



Hvatt verði til þess að fjölmiðlar taki umhverfismál til umfjöllunar og í því augnamiði verði innlend dagskrárgerð um umhverfismál styrkt sérstaklega.

Mikilvægt er að öll sveitarfélög á landinu kynni markmið Staðardagskrár 21 fyrir almenningi og upplýsi reglulega um stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu. Þannig verður þekking íbúanna á umhverfismálum aukin og eflað vitund þeirra um mikilvægi þess að umgangast náttúruna af virðingu.



Samgöngur

Samgöngur eru margs konar og hverju samfélagi er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytta samgöngumáta, í lofti, láði og legi. Leggja þarf áherslu á góðar samgöngur en um leið að draga svo sem kostur er úr neikvæðum áhrifum þeirra. Skipulagning og stjórn samgangna þarf að taka mið af markmiðum sjálfbærrar þróunar. Tryggja þarf að við alla áætlanagerð í samgöngumálum sé lögð áhersla á að lágmarka umhverfisrask og mengun af völdum samgangna auk þess sem leggja þarf áherslu á umferðaröryggi samfara breytingum í samgönguháttum. Hvetja þarf til notkunar umhverfisvænna ökutækja. Þá ber að stuðla sérstaklega að hjólreiðum í stærstu bæjum og borgum.

Vegakerfið á að vera sameign allra landsmanna. Tryggja þarf góðar og öruggar samgöngur um land allt með hagsmunum manna og náttúru í huga. Mikilvægt er að sniða vegakerfið að náttúru landsins og af þeim sökum eiga fjölfarnir uppbyggðir vegir ekki heima á hálendi Íslands. Mikill akstur hefur í för með sér marga neikvæða þætti, svo sem mikla auðlindanotkun í formi olíunotkunar og efniskostnaðar til bílaframleiðslu, mikið land fer undir vegi og önnur samgöngumannvirki og samgöngurnar sjálfar leiða af sér mengun lofta, láðs og lagar. Þá getur val á samgöngumáta haft mikil áhrif á almenna lýðheilsu.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að skipulagning og stjórn samgangna taki mið af markmiðum um sjálfbæra þróun samfélagsins og að við áætlanagerð sé megináhersla lögð á að halda neikvæðum þáttum samgangna í lágmarki.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að auka stig af stigi endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum og flutningum.
- Að auka hlut almenningssamgangna í umferðinni.
- Að greiða fyrir umferð hjólandi og gangandi vegfarenda með því að taka tillit til þeirra í öllu skipulagi.
- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af völdum samgangna hérlendis og minnka svifryk.
- Að taka ríkulegt tillit til umhverfis og náttúruverndarsjónamiða við uppbyggingu samgöngumannvirkja og leggja ekki fjölfarna uppbyggða vegi á hálendi Íslands.
- Að draga úr þörf fyrir samgöngur og flutninga með bættum gagnaflutningsleiðum.



- Að auka umferðaröryggi, fækka slysum og draga úr eignatjóni vegna samgangna, m.a. með því að auka hlut sjóflutninga svo unnt sé að draga úr umferð flutningabíla.
- Að við skipulagsvinnu verði lögð áhersla á greiðar leiðir fyrir alla en um leið verði dregið úr neikvæðum þáttum samgangna svo sem loftmengun, sjónmengun og hávaðamengun.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að sérstakt átak verði gert í að minnka losun frá samgöngum og stefnt að samdrætti í þeim geira um 20%.
- Að samþætta þar sem kostur er íbúabyggð, þjónustu- og atvinnusvæði.
- Að taka mið af raunverulegum umhverfis- og orkukostnaði við skipulagningu samgangna og flutninga.
- Að hvetja með skattalegum aðgerðum til notkunar á bílum sem knúnir eru endurnýjanlegum orkugjöfum.
- Að yta undir markvissa uppbyggingu almenningsamgangna um land allt og gera þær að eftirsóknarverðum valkosti m.a. með bættri þjónustu, auknum forgangi í umferð, tíðari ferðum og þátttöku í kostnaði.
- Að gera áætlun um aukinn hlut strandsiglinga í vöruflutningum.
- Að hjólreiðabrautir verði skilgreindar í vegalögum og þær lagðar meðfram stofnbrautum og fjölförnustu þjóðvegum.
- Að gera úttekt á möguleikum rafknúinna farartækja, þ.m.t. raflestum.
- Að kanna möguleika á aukinni notkun rafknúinna vélarhitara fyrir bifreiðar.
- Að gera háhraðatengingar aðgengilegar fyrir alla landsmenn og tryggja jöfnun kostnaðar.
- Að endurskoða lagaákvæði um utanvegaakstur, auka eftirlit og herða viðurlög við brotum gegn þeim.

LEIÐIR

Við skipulagningu þéttbýliskjarna verði íbúasvæði, þjónustusvæði og atvinnusvæði samþætt meira en verið hefur og frá upphafi gert ráð fyrir hjóla- og göngustígum ásamt öruggum almenningsamgöngum þegar samgöngunet eru skipulögð.

Gera þarf nákvæma kostnaðargreiningu á raunkostnaði við flutninga á sjó og landi og í lofti og velja þá flutningaleið sem hefur minnstan umhverfis- og þjóðhagslegan kostnað í för með sér í hverju tilfalli.

Auka þarf fjárveitingar til rannsókna á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa í flutningum og samgöngum og auka hlut einkabíla sem knúnir eru endurnýjanlegum orkugjöfum.

Til að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í almenningsamgöngum og auka hlut almenningsamgangna almennt verði auknu fjármagni veitt í þróun og rekstur almenningsamgöngukerfisins.



Ríkið taki þátt í kostnaði við almenningsamgöngur ásamt sveitarfélögum og tryggi þannig almenningsamgöngur um land allt.

Leggja þarf göngustíga meðfram akbrautum á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Til að koma í veg fyrir brot á reglum um utanvegaakstur þarf að auka fræðslu um afleiðingar slíkra brota auk þess sem gera má kröfu um að brotlegir ökumenn leggi sitt af mörkum við að bæta skemmdirnar sem hljótast af brotum af þessu tagi.



Mengun

Fjórúti ár eru liðin frá því að Rachel Carson skrifaði bók sína *Raddir vorsins þagna*. Hún vakti athygli á fugladauða af völdum skordýraeiturs í fæðukeðjunni. Síðan hefur mengun verið á dagskrá alþjóðasamfélagsins og viðfangsefni þjóðríkja, sveitarfélaga og fyrirtækja, sérstaklega í iðnríkjunum.

Margt hefur áunnist til úrbóta á ytra og innra umhverfi í þróuðum ríkjum. Þó fer loftmengun þar iðulega yfir heilsuverndarmörk í þéttbýli. Í þróunaríkjum og í löndum þriðja heimsins sem eru að iðnvæðast blasir við önnur og dekkri mynd, einkum í fátækrahverfum og hreysum milljónaborga. Ör fólksfjölgun í þróunaríkjum, vaxandi misskipting, skortur á heilbrigðisþjónustu og flutningur úr sveitum í þéttbýli magnar upp vandann.

Nýir mengunarvaldar hafa komið til sögunnar í ört vaxandi mæli; súrt regn, ofauðgun vegna næringarríkra efna frá landbúnaði, mengun af völdum geislavirkra efna og jarðefnaeldsneytis og ekki síst eiturefni og manngerð efnasambönd sem reynst geta skaðleg vistkerfum og heilsu manna og heilbrigði (sjá kaflann Efni og efnavörur).

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að draga úr hvers kyns skaðlegri mengun innan íslensku efnahagslögsögunnar og beita, ásamt fræðslu og lagafyrirmælum, mengunargreiðslureglunni (polluter pays principle) í því skyni.
- Að fylgjast með aðstreymi geislavirkra efna inn á íslensk hafsvæði og draga með alþjóðasamstarfi úr hættu á mengun af þeirra völdum.
- Að friðlýsa íslenskt yfirráðasvæði sem kjarnorku- og efnavopnalaust og draga úr hættu á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum í grennd við Ísland.
- Að koma sem verða má í veg fyrir mengun og mengunarslys af völdum olíuflutninga á íslenskum hafsvæðum.
- Að draga úr mengun af völdum umferðar bifreiða og annarra vélknúinna tækja, draga úr hávaðamengun og úr óæskilegri ljósmengun utanhúss.
- Að auka endurvinnslu svo sem kostur er og leita leiða til að draga úr sorpi og öðrum úrgangi.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að fara yfir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um náttúruvernd, skipulags- og byggingarlög, lög um mat á umhverfisáhrifum og aðra þá löggjöf og réttarheimildir sem snerta mengun náttúru og umhverfis og styrkja ákvæði þeirra til að draga úr skaðlegri mengun.
- Að styrkja rannsóknir á aðborinni mengun geislavirkra efna á íslenskum



hafsvæðum í samvinnu við ríki við norðanvert Atlantshaf og vinna að samkomulagi um að lokað verði fyrir uppsprettu hennar.

- Að lögfesta friðlýsingu íslensks yfirráðasvæðis gegn kjarnorku- og eitur-efnavopnum og vinna að viðurkenningu slíks svæðis og fyrirbyggjandi aðgerðum í samvinnu við grannþjóðir og á alþjóðavettvangi.
- Að kortleggja og hreinsa upp skaðlega mengun eftir herlið og herstöðvar hérlendis og kanna og fylgja eftir sem verða má rétti Íslands og íslenskra þegna til bóta frá Bandaríkjunum og NATÓ.
- Að marka stefnu um siglingar og kröfur til búnaðar skipa sem flytja olíu og önnur mengandi og hættuleg efni innan íslenskrar lögsögu með það að markmiði að draga úr hættu á mengun og mengunarslysum.
- Að hefja tafarlaust rannsóknir og ráðast í tiltækar aðgerðir til að draga úr svifryks- og efnamengun frá bílaumferð.
- Að kanna mengun og mengunarhættu ferskvatns, stöðuvatna og straumvatna og gera ráðstafanir til að draga úr henni í samvinnu við sveitarfélög og aðra hlutaðeigandi.
- Að gera með samvinnu ríkis og sveitarfélaga úttekt á umfangi hávaðamengunar og móta reglur til að draga úr henni.
- Að gera könnun á umfangi skaðlegrar og truflandi ljósmengunar og móta reglur sem dragi úr slíkri mengun og taki einnig til flóðlýsingar á náttúru-fyrirbærum.
- Að leita leiða til að draga úr mengun strandsvæða og auka fræðslu og herða reglur og viðurlög í þeim mæli sem líklegt er að skili árangri.
- Að fara yfir alþjóðasamninga á sviði mengunarmála og innleiða hér og staðfesta viðeigandi sáttmála, bókanir við þá og önnur tengd ákvæði.
- Að fylgjast með áformum um olíuvinnslu á norðlægum slóðum sem haft gæti áhrif á íslensk hafsvæði og beita tiltækum ráðum til að íslenskum hagsmunum sé ekki stefnt í hættu með slíkum fyrirætlunum.

LEIÐIR

Á sviði mengunarvarna reynir á alþjóðlega samvinnu og samþættar aðgerðir almennings, stjórnvalda og fyrirtækja. Samhæfa þarf þátttöku innan Stjórnarráðsins í þessu skyni og virkja Landhelgisgæslu og utanríkisþjónustu til að sem bestum árangri verði náð.

Rannsóknir eru ófullnægjandi hérlendis á mörgum sviðum er varða mengunarmál og er brýnt að hvetja til þeirra og styrkja þær á vegum rannsóknastofnana og opinberra sjóða.

Sveitarfélög og svæðisbundnar eftirlitsstofnanir hafa miklu hlutverki að gegna á sviði mengunarvarna. Efla þarf skilvirka samvinnu þeirra og verkaskiptingu opinberra aðila.

Fara þarf yfir tæknilegar kröfur um skilvirkan mengunarvarnabúnað, sérstaklega að því leyti sem snýr að hugtakinu „besta fánleg tækni“ og beitingu þess við íslenskar aðstæður.



Treysta þarf þátttöku Íslands í norrænni samvinnu á sviði mengunarmála og innan Vestnorræna ráðsins og Norðurskautsráðsins (Arctic Council) og verkefna sem því tengjast (AMAP ofl.).

Taka þarf saman fræðslu- og upplýsingaefni fyrir almenning, samtök og stofnanir til að auka skilning á skaðlegri mengun og aðgerðum til að draga úr henni.



Efni og efnavörur

Nútíma samfélag er háð margs konar efnum og efnavörum. Í Evrópu eru þekkt riflega 100.000 mismunandi efni en af þeim er talið að um 30.000 sé að finna í meira magni en einu tonni. Efnin eru meðal annars notuð í ýmsum iðnaði og þau er að finna í margs konar neytendavörum. Megnið af þeim efnum sem eru í umferð komu á markað fyrir árið 1981 þegar litlar kröfur voru gerðar til framleiðenda um rannsóknir og upplýsingar um áhrif af notkun efnanna. Reynslan hefur því orðið sú að nauðsynlegt hefur reynst að takmarka notkun ýmissa efna þegar í ljós hafa komið skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi til lengri eða skemmri tíma en oft koma skaðleg áhrif efnanotkunar ekki í ljós fyrr en eftir mörg ár eða jafnvel áratugi.

Mikilvægt er að lágmarka notkun efna sem eru hættuleg fyrir heilsu fólks eða umhverfið. Til þess að það sé mögulegt verða að liggja fyrir upplýsingar um hugsanlega áhættu af notkun þeirra efna og þeirrar efnavöru sem er á markaði. Gera verður þær kröfur til framleiðenda og innflytjenda að slíkar upplýsingar séu fyrir hendi og einnig að hættulegum efnum sem eru í umferð fylgi leiðbeiningar um örugga notkun, geymslu og meðferð, þ.m.t. förgun.

Tryggja þarf að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir hættuleg efni sem eru í notkun og að þau fylgist með hugsanlegum áhrifum af notkun þeirra. Bæta þarf eftirlit með innflutningi á efnum. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld hvetji til notkunar skaðlausari efna t.d. með hagrænum hvötum þegar það er mögulegt.

Notkun þrávirkra efna, efna sem valda gróðurhúsaáhrifum og efna sem skaða ósonlagið eru dæmi um efnanotkun sem hefur áhrif um heim allan óháð því hvar losun á sér stað. Nauðsynlegt er því að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi sem stuðlar að því að draga úr notkun hættulegra efna í heiminum. Heimurinn er eitt markaðssvæði og efni og efnavörur eru fluttar um langan veg. Efla þarf gagnkvæma upplýsingagjöf um hættur varðandi efnanotkun og deila tækniþekkingu. Einnig er mikilvægt að styrkja þróunarríkin til að hætta notkun hættulegra efna sem oft eru ódýrari en meinlausari efni.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Efnanotkun feli ekki í sér áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi.
- Losun efna sem valda umhverfisálagi og hugsanlegu heilsutjóni verði hætt eins fljótt og mögulegt er.
- Efnaframleiðendur og innflytjendur verði skuldbundnir til að sýna fram á eiginleika framleiðslu- og innflutningsvara sinna.



- Dregið verði úr notkun varnarefna.
- Neytendavörur innihaldi ekki kvikasilfur, kadmíum eða blý.
- Vörur sem koma á markað verði lausar við þrávirk lífræn efni.
- Vörur verði lausar við krabbameinsvaldandi efni og efni sem geta haft áhrif á erfðaefni lífvera og hormónabúskap, svo og æxlunarfærni m.a. vegna minni framleiðslu kynfruma.

MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að dregið verði eftir því sem mögulegt er úr notkun hættulegra þungmálma svo sem kvikasilfers, kadmíums og blýs í neytendavörum.
- Að vörur sem innihalda hættuleg efni eða eiturefni verði ávallt merktar með viðeigandi varnaðarmerkingum og notendur hafi aðgang að öryggisblöðum með upplýsingum um innihald, notkun, meðferð og förgun vörunnar.
- Að stjórnvöld skrái notkun hættulegra efna og efnavöru á Íslandi til að tryggja fullnægjandi yfirsýn.

LEIÐIR

Tímabært er að endurskoða löggjöf um eiturefni og hættuleg efni þannig að hún taki til allra efna og efnavöru og taki mið af þeim breytingum sem nú eru að verða á efnalöggjöf Evrópu hvað varðar efni, efnablöndur og hluti sem geta gefið frá sér efni svo og löggjöf um varnarefni, sæfiefni* og snyrtivörur.

Innleiða þarf nýja reglugerð Evrópusambandsins um efni og efnablöndur, REACH (Registration, Evaluation and Authorisation of Chemicals, um skráningu, mat og leyfisveitingar efna) og tryggja þátttöku Íslands í störfum Efnastofnunar Evrópu, ECHA (European Chemicals Agency). REACH-reglugerðin, tekur gildi 1. júní 2007 og samkvæmt henni skulu öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn efni í meira magni en eitt tonn á ári skila inn gögnum og forskrá efni sín hjá Efnastofnuninni á tímabilinu 1. júní til 31. desember 2008. Í framhaldi af því er framleiðendum gert að útvega þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhættu af notkun efnanna. Verði REACH lögfest tímanlega á Íslandi geta íslenskir framleiðendur gert samkomulag við aðra framleiðendur á sama efni í Evrópu um samvinnu við öflun rannsóknagagna. Með samvinnu framleiðenda verður einnig mögulegt að takmarka tilraunir á dýrum. Ef um er að ræða efni sem geta skaðað heilsu manna eða umhverfi verður notkun þeirra háð leyfum. Með þessari reglugerð er stefnt að því að á næstu 11 árum verði rannsókuð og áhættumetin öll þau efni á markaði í Evrópu sem ekki liggja nú þegar fyrir nægar upplýsingar um. Auk þessa miðar reglugerðin að því að skipt verði út mjög skaðlegum efnum fyrir hættuminni efni eða tækni þegar það er mögulegt.

Efla þarf eftirlit á markaði og á vinnustöðum með því að hættuleg efni og



efnavörur séu merktar og að notendur hafi aðgang að öryggisblöðum með upplýsingum um meðhöndlun vörunnar. Einnig að takmörkunarskyld efni verði eingöngu notuð í samræmi við kröfur þar að lútandi svo komið verði í veg fyrir áhættu fyrir fólk og umhverfi. Eft verði eftirlit með innflutningi á efnum og efnavörum þannig að fylgst verði með takmörkunarskyldum efnum og komið verði í veg fyrir innflutning á efnum sem ekki eru leyfð.

Koma þarf á lögbundinni skráningu á hættulegum efnavörum hér á landi, sambærilegri við þá sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Með því fá stjórnvöld yfirsýn yfir hvaða efni eru hér á markaði og hvar þau eru notuð, þannig má fylgjast með umfangi notkunar og hugsanlegri losun. Með því móti fengjast mikilvægar upplýsingar sem mundu auðvelda stjórnvöldum að meta áhættu af efnanotkun og efnalosun.

Þátttaka í alþjóðasamstarfi varðandi hættuleg efni þarf að vera markvissari og virkari þannig að stuðlað verði að gerð og framkvæmd alþjóðasamninga sem miða að takmörkun á notkun og losun hættulegra efna svo sem þungmálma, þrávirkra efna, ósoneyðandi efna, eitrefna, hættulegra varnarefna og gróðurhúsalofttegunda.

⁸ *Sæfiefni eru vörutegundir sem innihalda eitt eða fleiri virk efni sem ætlað er að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða halda þeim með öðrum hætti í skefjum með efna- eða líffræðilegum aðferðum. Sjá nánar á vef Umhverfisstofnunar: <http://ust.is/Efnavoruroghaettulegefni/frettir/nr/123>*



Matvæli og matvælaöryggi

Með bættu matvælaöryggi má koma í veg fyrir heilsufarsleg áföll í samfélaginu í tengslum við matareitranir og matarsýkingar vegna örverumengaðra matvæla, sjúkdóma í búfé sem geta lagst á menn, eða vegna óæskilegra aðskotaefna sem t.d. geta valdið ofnæmi hjá hópi neytenda.

Gera verður kröfu um að matvælaframleiðsla sé sjálfbær frá vistfræðilegu sjónarhorni, sem og efnahagslegu og félagslegu. Vegna umfangsmikillar alþjóðavæslunar með matvæli er nauðsynlegt að Ísland taki þátt í alþjóðasamstarfi á þessu sviði og beiti sér með hinum Norðurlöndunum á vettvangi alþjóðasamninga varðandi reglur sem gilda um þessi mál.

Löggjafinn setur reglur um matvælaframleiðslu og eftirlit sem þarf að vera skilvirk og gagnsætt gagnvart öllum sem hlut eiga að máli, þar á meðal neytendum. Þegar vafi leikur á heilnæmi matvæla er það skylda hins opinbera að bregðast við umsvifalaust og af festu jafnvel þótt það geti haft neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar fyrir einstaka matvælaframleiðendur þegar til skamms tíma er litið. Lykilatriði í matvælaöryggi verða þó ætíð öflugt innra eftirlit í matvælafyrirtækjunum sjálfum og að gerðar séu miklar menntunarkröfur til stjórnenda og starfsmanna við matvælaframleiðslu.

Gera verður kröfu um að neytendur hafi itarlegar upplýsingar um uppruna, gæði, samsetningu og framleiðsluaðferðir matvæla á markaði. Aðeins með því móti geta neytendur tekið meðvitaða og upplýsta afstöðu gagnvart siðferðilegum viðmiðum mismunandi framleiðsluaðferða og sett saman hollan og heppilegan kost.

LANGTÍMAMARKMIÐ

- Að neytendur njóti öruggra matvæla í háum gæðaflokki.
- Að matvælum fylgi itarlegar upplýsingar um innihald þannig að auðvelt sé að setja saman hollan kost.
- Að neytendum sé auðveldað að taka upplýsta ákvörðun við val á matvælum. Aðgangur að upplýsingum um framleiðsluaðferðir sé tryggður þannig að leggja megi siðferðilegt mat á afurðina.
- Að matvælum fylgi upplýsingar um uppruna og framleiðsluaðferðir. Það er liður í góðri umhverfishugsun að kaupa matvæli sem framleidd eru í nærumhverfi fremur en þau sem flutt eru langt að og að beitt hafi verið sanngjörnum viðskiptaháttum (fair trade) við að koma vörinni á markað.
- Að neytendur geri sér ljóst sambandi milli hreinnar náttúru og umhverfis og hreinna og öruggra matvæla.



MARKMIÐ NÆSTU 5 ÁRA

- Að leggja áherslu á alþjóðasamstarf um matvælaöryggi, dýravernd, náttúruvernd og atvinnuumhverfi.
- Að efla rannsóknir á neysluvenjum og hollustuháttum til að auðvelda stefnumótun í lýðheilsu og hollustuvernd.
- Að rannsaka notkun aukefna í matvælum og hvort aukefnanotkun sé innan viðmiðunarmarka í hverju tilfalli.
- Að draga úr óæskilegri aukefnanotkun í innlendri framleiðslu og styrkja almennt matvælaeftirlit.
- Að halda íslenskri matvælaframleiðslu lausri við notkun sýklalyfja og hormóna í vaxtarörvandi tilgangi.
- Að beita varúðarreglu gagnvart innflutningi erfðabreyttra matvæla og merkja slíkar vörur með skýrum hætti.
- Að gera kröfu um merkingar um framleiðsluferli á matvælum.
- Að hefja undirbúning fyrir upprunamerkingar á matvælum.
- Að breyta eftirliti með slátrun og annarri framleiðslu heima fyrir til sveita.

LEIÐIR

Endurskoða þarf lög og reglur um matvælaframleiðslu og matvælaöryggi. Gæta þarf sjónarmiða sjálfbærrar þróunar við slíka endurskoðun og hafa gæði og hollustu matvælna í öndvegi. Kveða þarf á um merkingar, upplýsingar til neytenda og dýravernd í endurskoðaðri löggjöf.

Til þess að ofangreind markmið náist er mikilvægt að styrkja þær stofnanir sem annast rannsóknir og eftirlit á sviði matvælaframleiðslu. Jafnframt er þýðingarmikið að samtök neytenda kynni fyrir fólki hvernig unnt sé að gæta fyllsta öryggis við matvælaframleiðslu. Leggja þarf áherslu á menntun þeirra sem vinna við framleiðslu matvæla. Mikilvægt er að fyrirtæki í matvælaíðnaði efli gæðakerfi og gæðaeftirlit.

Upplýsa þarf neytendur um efnanotkun í matvælaframleiðslu og skaðsemi óæskilegra efna. Einnig ættu neytendur að hafa aðgang að upplýsingum um orkunotkun við framleiðslu og flutning matvælna frá framleiðanda til neytanda. Mikilvægt er að neytendur hafi aðgang að fræðsluefni um siðfræði matvælaframleiðslu, um dýravernd og sanngjarna viðskiptahætti (fair trade).



Sjálfbær neysla og framleiðsla

Sjálfbær neysla og framleiðsla er undirstaða þess að jörðin haldist lífvænleg til frambúðar. Til þess þarf að draga úr ósjálfbærri orkunotkun, minnka álag á auðlindir jarðar, hægja á neyslukapphlaupinu, bjóða endingargóðar vörur í stað einnota, lágmarka mengun og úrgang og gera endurvinnslu að reglu hvar sem því verður við komið.

Núverandi framleiðslu- og neyslumynstur Vesturlanda, að Íslandi með-töldu, stenst ekki til frambúðar. Slíkir búskaparhættir geta því engan veginn talist góð fyrirmynd fyrir þróunarriki og mannkynið sem heild. Ef núverandi framleiðsluhættir iðnríkja væru yfirfærðir á alla heimsbyggðina nægðu ekki einu sinni þrjár plánetur eins og Jörðin til að standast álagið. Mannkyninu stendur hins vegar aðeins þessi eina Jörð til boða og því er ekki um annað að velja en að laga sig að vistskilyrðum hennar.

Loftslagsbreytingar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda eru skýrustu skilaboðin um hvert stefnir að óbreyttu. Önnur mengun af völdum skaðlegra manngerðra efnasambanda og eiturefna frá iðnaði eykur stöðugt á vandann. Hröð eyðing búsvæða á landi og í sjó, jarðvegs, skóga, votlendis, kóralla og uppeldisstöðva fiskistofna, grefur undan náttúrulegri endurnýjun og veldur útdauða fjölda tegunda.

Neytendur á Vesturlöndum eru nú í auknum mæli að opna augu sín fyrir ábyrgðinni sem hvílir á herðum þeirra þegar innkaup eru ákveðin. Með mælikvörðum sjálfbærni er lagt mikið upp úr sanngjörnum viðskiptum (fair trade) við þróunarlönd. Með því að beina innkaupum í slíkan farveg leggja neytendur sitt af mörkum til að fátækir framleiðendur í fjarlægum heimshlutum beri sanngjarnt endurgjald úr bítum fyrir vinnu sína og að þeir geti viðhaft sjálfbærar framleiðsluaðferðir. Sanngjörn viðskipti auka jöfnuð í veröldinni með því að opna bændum og framleiðendum í þróunarlöndunum aðgang að alþjóðlegum mörkuðum. Jafnframt gera þau fjölskyldur sjálfbjarga í stað þess að þær séu háðar erlendri góðgerðastarfsemi.

Brýnt er að beina efnahagslífi og sýn neytenda inn á sjálfbærar brautir með áherslu m.a. á:

- Framboð á vistvænum vörum og þjónustu sem noti sem minnst af orku og hráefnum.
- Framleiðsluferli sem byggji á mælikvörðum sjálfbærni frá upphafi til loka.
- Breytta hugsun og jákvæða hegðun neytenda til að draga úr hvers konar sóun og álagi á umhverfið.



- Sanngjörn viðskipti (fair trade) við þróunarlöndin sem leiða til aukins jöfnuðar, styrkja umhverfisvitund og efla samfélög.
- Almennar reglur og hvata til fyrirtækja sem þróa vistvæna framleiðslu.

Umbreyting efnahagslífsins til sjálfbærni og sanngjarnra viðskipta krefst alþjóðlegrar samvinnu og leiðbeinandi forskrifta af hálfu ríkis, sveitarfélaga og alþjóðlegra samninga. Íslendingar eiga að leggja metnað sinn í að vera í fararbroddi í slíkri þróun. Að forsendum hennar er víða vikið í þessu riti en lengi má við bæta.

DÆMI UM ÚRRÆÐI Í NÁNNI FRAMTÍÐ:

- Að hlutlaus stofnun greini sundur hagvöxt þjóðarbúskaparins eftir því hvort hann hvílir á sjálfbærum eða ósjálfbærum grunni.
- Að miðlað verði á öllum skólastigum fræðslu sem auðveldi fólki að leggja mat á vöruframboð og þjónustu út frá áhrifum á umhverfið í sem víðustum skilningi.
- Að rannsóknastofnanir beini kröftum og athygli að sjálfbærum lausnum og úrbótum.
- Að opinberir sjóðir fái til umráða fjármagn sem ætlað sé til að örva rannsóknir á sviði framtíðarlausna og þróunar í þágu sjálfbærra lífshátta.
- Að aukin verði upplýsingagjöf til neytenda og almennasamtaka um hvernig lesa megi í vöru- og þjónustuframboð út frá mælikvörðum á sjálfbærni.



Stjórnsýsla umhverfismála

Þegar umhverfisráðuneyti var loks stofnað hérlandis árið 1990 var það gert af vanefnum en lofað úrbótum fljótlega. Nú að 16 árum liðnum er staða umhverfisráðuneytisins nánast óbreytt þótt við blasi rík þörf á skilvirkri og markvissri stjórnsýslu á sviði umhverfismála og auknu fjármagni til mála-flokksins.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur að efla þurfi umhverfisráðuneytið til mikilla muna þannig að það fái hliðstæða stöðu í Stjórnarráði Íslands og ráðuneyti fjármála og efnahagsmála.

Jafnhliða þarf að styrkja umsýslu og eftirlit með framkvæmd umhverfismála í einstökum fagráðuneytum eftir því sem við á samkvæmt skipulagi og markaðri stefnu og ætla sveitarfélögum stóran hlut í anda Staðardagskrár 21. aldar.

Efling umhverfisráðuneytisins og stofnana á þess vegum þarf að haldast í hendur við nýja og framsýna stefnumörkun sem endurspeglir gjörbreytta stöðu og sýn á umhverfismál og nauðsyn samvinnu við frjáls samtök almenningu. Slikt samstarf grundvallist á Árósasamningnum sem tryggir almenningi aðgang að upplýsingum, þátttöku í ákvörðunum og réttláta málsmeðferð í öllu er lýtur að umhverfismálum.

Úrelt skipan mála innan Stjórnarráðsins má ekki lengur standa í vegi fyrir nauðsynlegum áherslubreytingum hvað snertir fjármagn og tilfærslu verkefna milli ráðuneyta. Jafnhliða mikilli eflingu umhverfisráðuneytisins þarf að huga að tilfærslu verkefna milli annarra ráðuneyta og hugsanlegri fækkun þeirra, meðal annars með uppbyggingu eins atvinnuvegaráðuneytis.

Rannsóknir á náttúruauðlindum lands og sjávar, verndun þeirra og áætlanir um nýtingu eiga að vera á forræði umhverfisráðuneytisins sem vel færi á að kenna við umhverfi og auðlindir. Sama á við um skipulagsmál sem snerta landið allt, hálendi og byggðir, í samvinnu við sveitarfélögin svipað og verið hefur frá stofnun ráðuneytisins.



Náttúrusiðfræði

Náttúrusiðfræði (environmental ethics) er ung fræðigrein sem fyrst fór verulega að bera á í umræðu erlendis fyrir um fjórum áratugum. Páll Skúlason, heimspekingur og fyrrum háskólarektor, var um og eftir 1990 meðal brautryðjenda fræðilegrar umfjöllunar hérlendis á þessu sviði. Nú tekur fjölmennur hópur heimspekinga þátt í umræðunni og boðið er upp á námsbrautir og námskeið í umhverfis- og náttúrusiðfræði við Háskóla Íslands og víðar.⁹

Hér verður vitnað til Þorvarðar Árnasonar heimspekingis um greiningu á helstu heimspekiviðhorfum á þessu sviði:¹⁰

Þótt tíminn frá tilurð náttúrusiðfræðinnar sé ekki langur er óhætt að segja að hún hafi sprungið út af miklum krafti – svo miklum raunar að það er talsvert mál að henda reiður á öllum þeim ólíku kenningum og sjónarmiðum sem sprottið hafa fram. Til einföldunar má þó skipta náttúrusiðfræðingum í þrjár meginfylkingar m.t.t. þess hvort þeir aðhyllist mannhverfa, lifhverfa eða visthverfa afstöðu til náttúrunnar

Þeir sem taka mannhverfa (anthropocentric) afstöðu til náttúrunnar setja, eins og nafnið bendir til, manninn í öndvegi sinna kenninga. Hugmyndir þeirra um umhverfis- og náttúruvernd hverfast um manninn – maðurinn er í miðju slíkra kenninga, bæði sérstaða hans í heiminum en þó kannski umfram allt nauðsyn þess að tryggja öryggi hans, heilsu og velferð. Í hnotskurn lita flestir mannhverfir umhverfisverndarsinnar svo á að velferð manns og náttúru sé samantvinnuð; maðurinn lifi á náttúrunnar gæðum og þau gæði verði að varðveita, annars sé tilveru mannkyns stefnt í voða. Hina mannhverfu greinir þó innbyrðis talsvert á um það hvort – og þá hversu langt – hægt er að hleypa náttúrunni inn í ríki siðferðisins.

Gegn hinni mannhverfu hugsun rísa náttúruhverfu (non-anthropocentric) fylkingarnar tvær; þ.e. þeir sem aðhyllast lifhverfa (biocentric) eða visthverfa (ecocentric) afstöðu til náttúrunnar. Það sem sameinar þessar tvær ólíku fylkingar er einkum andstaða við hugmyndina um algjöra sérstöðu mannsins í heiminum, ásamt andstöðu við hina mannhverfu sýn á náttúruna sem af henni leiðir. Hinir náttúruhverfu telja þessa mannhverfu sýn sem ríkt hefur á Vesturlöndum a.m.k. frá tímum iðnbyltingarinnar vera undirrót allra helstu umhverfisvandamála samtímans, hvort sem slík vandamál snúa að vitaverðri meðferð á dýrum og öðrum lifverum (meginviðfangsefni hinna lifhverfu) eða að tegundaútdauða og eyðileggingu vistkerfa (viðfangsefni hinna visthverfu).

Gunnar Hersveinn heimspekingur flutti á haustþingi Framtíðarlandsins 29. október 2006 erindi sem hann nefndi *Gildin sem áttaviti*.¹¹ Þar sagði hann m.a. um samhengi ábyrgðar og náttúruverndar:



Ábyrgðarkenndin er hornsteinn mannlegs siðferðis. Skorti hana slitnar sambandið við aðra og umheiminn. Sá sem finnur ekki til ábyrgðar getur ekki byggt upp raunverulegt samband við aðra og honum er ekki hægt að treysta. Ekki er hægt að fela honum mikilvæg verkefni eins og að gæta barna eða vernda dýrmætt land. Gildi náttúrunnar einskorðast ekki við manninn, því maðurinn er aðeins vera í náttúrunni á tilteknu skeiði, lífvera sem kemur og fer. Höfuðatriði er því að rækta ábyrgðina gagnvart náttúrunni og lífinu á jörðinni í heild. Fullþroskaðri siðgæðisveru er ekki einungis umhugað um eigin tegund og afkvæmi á meðan hún lifir, heldur hefur hún ennfremur vilja til að aðrar lífverur geti búið áfram í náttúrulegum heimkynnum sínum. Efla þarf ábyrgð á öllum stigum, rækta hana með einstaklingum og kenna í skólum, meðal annars vegna þess að ábyrgðarleysi bitnar á öllum. Meginverkefnið núna er að efla sambandið milli ábyrgðarkenndar og náttúruverndar – og á milli ábyrgðarkenndar og barna. Það er verðugt hlutverk Íslendinga að taka að sér að vera málsvarar náttúrunnar, ekki aðeins í orði heldur á borði. Standa vörð um náttúru landsins, uppræða almenning um gildi óspilltrar náttúru og efla vistvæna lífshætti í stóru sem smáu. Slik þjóð getur verið til fyrirmyndar og verið stolt. Þjóð sem á hinn bóginn gengur á hofuðstól sinn er dofin þjóð sem skilur ekki verðmæti fegurðarinnar og skeytir ekki um heimkynni og kjör annarra lífvera. Henni hefur verið talin trú um að allt sé leyfilegt í nafni mannsins, í nafni peninganna. Langtimaverkefnið er að efla hæfileika barna til að tjá hugsanir sínar og skoðanir og að vera við stjórnvölinn í eigin lífi. Efla hæfileikann til að taka ábyrgð á gerðum sínum, umhverfi og náttúru. Bernskan þarfnast foruneytis, hún þarf ráð og leiðbeiningar til að geta tekið gífturikar ákvarðanir. Voðinn er vis ef fylgdin sofnar á verðinum og eyðir framtíðarlandinu.

Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki, hefur ritað fjölda greina um þessi efni.¹² Í greininni *Um siðfræði náttúrufergudar* segir hún m.a.¹³

Hálendið er hjarta Íslands í andlegu tilliti vegna þess að sjálfsmynd okkar Íslendinga er að svo stórum hluta mótuð af náviginu við náttúru þess. Hún gefur okkur styrk sem þarf til að standa sig. Hálendið er höfuðstóll Íslands í hugarfarslegu og hagrænu tilliti. Óspillt náttúra er gífurlega mikilvæg fyrir imynd Íslands á alþjóðavettvangi og stolt okkar sem þjóðar.

Gunnar Kristjánsson dr. theol. og sóknarprestur segir í grein undir fyrirsögninni *Stríð streymir Jokla*.¹⁴

Óbyggðirnar eru heilagur staður í vitund okkar Íslendinga. Svo var einnig á tímum þegar þorf var á úrræðum til að bæta lífskjör þjóðarinnar eftir langvarandi fátækt og mótlæti. Nú eru aðrir tímar. Ættum við ekki í framtíðinni að beina sjónum meira að verðmætum sem ekkert kosta en hafa í för með sér farsælt og skapandi mannlíf? Væri ekki einn liðurinn í því einmitt að læra að



njóta náttúrunnar í fegursta landi heimsins í stað þess að selja hana erlendum auðhringum á niðursettu verði? Er freistingin ekki alltof augljós, er skammsýni stjórnmalamanna ekki alltof átakanleg?

Fjöldi áhugaverðra greina um heimspekileg viðhorf til náttúrunnar má finna á netinu. Fyrir stjórnmaláumræðuna er m.a. áhugaverð grein Óla Halldórssonar umhverfisfræðings: *Náttúran, siðfræðin og stjórnsýslan*.¹⁵

⁹ Sjá m.a. eftirtalin rit: *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*. Reykjavík 1994. – Páll Skúlason. *Umhverfing. Um siðfræði umhverfis og náttúru*. Reykjavík, Háskólaútgáfan 1998. – *Hugsað með Páli. Ritgerðir til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Háskólaútgáfan 2005.

¹⁰ Þorvarður Árnason. *Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni*. Landabréfið. Tímarit Félags landfræðinga 2000. Aðgengileg á vefnum sem www.heimspeki.hi.is/?prentaskjal=greina-safn/virkjanamal/sidfraedi_natturunnar.

¹¹ Gunnar Hersveinn. *Gildin sem áttaviti*: <http://framtidarlandid.is/gildin-sem-attaviti-2>

¹² Sjá: <http://www.hi.is/nam/heimspekiskor/sigrthor/index.html>.

¹³ Sigríður Þorgeirsdóttir Heild sem gerir mann heilan: *Um siðfræði náttúrufegurðar Hugsað með Páli*. Háskólaútgáfan 2005, s. 163–179.

¹⁴ Gunnar Kristjánsson. *Stríð streymir Jökla*. Morgunblaðið 29. ágúst 2006.

¹⁵ Óli Halldórsson. *Náttúran, siðfræðin og stjórnsýslan*: http://www.visindavefur.hi.is/malstofa_oli-h.html.



Eftirmáli

VIÐ ÖLL – ÍSLENSKT VELFERÐARSAMFÉLAG Á TÍMAMÓTUM

Haustið 2006 kom út vandað rit með ofangreindum titli eftir Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Þar fjallar hann um mörg stærstu mál samtímans. Hér fylgja nokkur brot úr bókinni.

HORFUR Í UMHVERFISMÁLUM

Framvindan á sviði umhverfismála heimsins er grafalvarleg. Geigvænlegar umhverfisógnir steðja að mannkyninu vegna hömlulausrar neyslu, rányrkju auðlinda og hruns vistkerfa. Skammsýn gróðahyggja er allsráðandi í heimsviðskiptum og ræður í alltof miklum mæli í stjórnámálum heimsins einnig.

Hér heima ríghalda núverandi stjórnvöld í gamaldags og blinda stóriðju-stefnu. Þau ætlast til þess að Ísland fái jafnvel enn frekari undanþágur til losunar gróðurhúsalofttegunda á sama tíma og og þau í orði kveðnu lýsa áhyggjum af afleiðingum hækkandi hitastigs, ekki síst á norðurslóðum. Tviskinningurinn í þessum efnunum er því bæði staðbundinn og alþjóðlegur.

HNATTRÆNN JÖFNUÐUR ER EINA LAUSNIN

Stóraukinn jöfnuður í skiptingu lífsgæða á jörðinni er algjör forsenda þess að takast með árangursríkum hætti á við aðsteðjandi hættur, einkum á sviði umhverfismála og félagslegrar upplausnar. Aðeins með því að skipta jarðargæðum jafnar og stórbæta lífskjör og aðstæður þess hluta mannkyns sem lakast er settur er von til þess að afstýra megi vaxandi hörmungum, ekki síst stórauknum flóttamannaströum ...

Lykilspurningin er hvernig má skapa nógu völduga hreyfingu í stjórnámálum, fjölmiðlum, menningarlífi og viðskiptum og auðvitað meðal almennings sem getur sagt með nægjanlegum myndugleik „hingað og ekki lengra.“

HVERNIG SAMFÉLAG VILJUM VIÐ?

Það er bjargföst sannfæring mín að samábyrgt velferðarsamfélag í anda þess besta sem við þekkjum að norrænni fyrirmynd sé þróaðasta samfélagskipan sem enn hefur litið dagsins ljós á jörðinni. Í þannig samfélagi er velferðarþjónustan byggð upp og rekin á félagslegum forsendum, samfélagið er opið lýðræðissamfélag með blönduðu hagkerfi.

SJÁLFBÆRT ATVINNULÍF

Í atvinnumálum er fjölbreytni lykilorðið, bæði frá sjónarhóli umhverfisins og heilbrigðrar framsækkinnar atvinnustefnu. Markmiðið á að vera fjölbreytt flóra fyrirtækja, auðvelda þarf nýsköpun og styðja við bakið á hvers kyns ný-



GRÆN FRAMTÍÐ

græðingi á akri atvinnulífsins. Í ný fyrirtæki og vöxt litilla og meðalstórra fyrirtækja er alls staðar í heiminum að sækja helstu uppsprettu bæði nýjunga í atvinnumálum og nýrra starfa.

UMHVERFISVERND Í STAÐ EYÐILEGGINGAR

Verndun og hófsamleg nýting auðlinda og sjálfbær þróun í orku- og atvinnumálum eru sjálfsögð leiðarljós fyrir okkur Íslendinga inn í nýja öld. ... Stöðvun allra frekari stóriðjuframkvæmda og stórvirkjana, í það minnsta um árabíl, er forsenda breyttra og betri vinnubragða í umhverfismálum á Íslandi.

**HELSTU SKAMMSTAFANIR**

AEWA	African Eurasian Water bird Agreement <i>Samkomulag um vernd farfugla</i>
CBD	Convention on Biological Diversity <i>Samningur um líffræðilega fjölbreytni</i>
CITES	Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora <i>Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.</i>
CMS	Convention on Migratory Species <i>Samningur um vernd fartegunda</i>
CPAN	Circumpolar Protected Areas Network
ECHA	Chemical Agency <i>Efnastofnun Evrópu</i>
ESB	Evrópusambandið
GBIF	Global Biodiversity Information Facility
NOBANIS	Nordic/Baltic Invasive Network Databases on Alien Species
REACH	Registration, Evaluation, Authorisation and restriction of Chemicals <i>Skráning, mat, leyfisveitingar og takmarkanir á notkun efna og efnavara</i>
SP	<i>Sameinuðu þjóðirnar</i>



www.XIV.is • www.VG.is



*„Verndun og hófsamleg nýting auðlinda og
sjálfbær þróun í orku- og atvinnumálum
eru sjálfsögð leiðarljós fyrir okkur
Íslendinga inn í nýja öld.“*

www.XV.is • www.Vg.is